



# MARKAÐURINN

**Vistvænn kostur!**

**GUÐJÓNÓ**

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. júní 2008 – 23. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

**Frístundin**  
Hlaup, dans og skrif

14

Atvinnuhorfur stúdenta  
Prengingar í haust

8-9

**Marel**  
Framtíð í kjúklingi

6

## Bilun í Kauphöllinni

„Truflanir í uppfærslu á viðskiptakerfi okkar í Svíþjóð ollu töfum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Seinkun var á opnun Kauphallar Íslands í gær. Fyrir sléttum þremur mánuðum var einnig bilun á kerfi Kauphallarinnar sem olli klukkutímaseinkun á opnun hennar. Ástæðuna má rekja til tæknilegra erfileika í viðskiptakerfinu Saxess. Kerfið, sem er samnorrænt, olli einnig seinkunum á Norðurlöndunum í fyrradag. Komið var fyrir bilunina áður en viðskipti hófust á hlutabréfamarkaði hér og varð hennar því ekki vart hér.

Þórður segir viðskiptakerfið alla jafna mjög stöðugt og muni hann ekki eftir því að kerfið hafi brugðist tvo daga í röð síðan hann kom til starfa í Kauphöllinni.

Nokkrar óánægju gætir meðal fjárfesta á Norðurlöndunum með þá tæknilega erfileika sem hafa verið undanfarna daga. Claes Hemberg, hagfræðingur við Avanza Bank í Stokkhólmi segir ekki traustvekjandi þegar nýtt kerfi virki ekki.

- bpa

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Verðbólga í OECD** | Ársverðbólga í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) var 3,4 prósent í apríl, miðað við 3,5 prósent í mars. Í nýbirtum tölum kemur fram að mest var verðbólgan hér 11,7 prósent, en minnst í Japan, 0,8 prósent.

**Bankar í Ameríku** | Búist er við að bandaríski bankinn Lehman Brothers tapi allt að 300 milljónum Bandaríkjadala á öðrum fjórðungi þessa árs. Það yrði fyrsta tapið frá skráningu bankans á markað. Fjármögnunarþörf bankans er sögð kunna að nema þremur til fjórum milljörðum dala.



**Fasteignir í Hong Kong** | Fasteignaverð í Hong Kong í Kína féll um 24,4 prósent milli ára í nýliðnum mánuði, að því er Forbes greinir frá. Þá hefur velta einnig minnkað, um 7,4 prósent frá fyrra mánuði og um 22,6 prósent miðað við maí í fyrra.

**Flug í Evrópu** | Ryanair, eitt stærsta lágjaldflugfélag Evrópu, segir rekstur geta staðið í járnnum fari olíuverð ekki yfir 130 dali á tunnuna. Félagið kynnti í gær fimmtungs hagnaðaraukningu á síðasta rekstrarári, sem lauk í mars.

**Aukin vefverslun** | Viðskipti á netinu blómstra í Bretlandi þrátt fyrir að horfur í efnahagslífinu þyki dökkar. Breska ríkisútvarpið vitnar í nýja skýrslu þar sem fram kemur að í fyrra hafi verið verslað á netinu fyrir 14,7 milljarða punda, 35 prósentum meira en árið áður.

# Stórt stökk upp á við hjá lífeyrissjóðunum

Sjóðfélagalánum lífeyrissjóða hefur fjölgað síðustu vikur og upphæð þeirra hækkað. Aukin eftirspurn eftir lánum segja margir. Dósent við Háskólann segir þetta ekki koma á óvart.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Það er aukin eftirspurn eftir lánum,“ segir Þorbjörg Guðnadóttir, deildarstjóri lánadeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Hún bendir á að í apríl hafi útlán sjóðsins numið um 800 milljónum króna, sem er tvö til þrjú hundruð milljónum króna meira en að jafnaði mánuðina á undan. Ekki eru komnar tölur fyrir maí. „Þetta er greinilega stökk upp á við,“ segir Þorbjörg.

„Það hefur orðið einhver aukning í þessum almennum sjóðfélagalánum eftir að bankarnir lokuðu á lán,“ segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs. Hann segir eitthvað um að lán sé nú hærri en áður.

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrissjóðs, segir að þar á bæ finni menn fyrir „ágætis eftirspurn“ en segir fátt meira.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, segir að mikil eftirspurn hafi verið eftir lánum sjóðsins. „Þetta byrjaði raunar í fyrra. Þá lánuðum við ríflega fjóra

milljarða króna, en heildarlánin árið áður námu um einum og hálfum milljarði.“

Arnaldur Loftsson hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum segir að einhver aukning hafi verið í lánum, en þó ekki mikil.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir ekki undarlegt að mikið sé spurt eftir lánum hjá lífeyrissjóðum, enda hafi bankarnir nánast lokað útlánadeildum í bili. „Innstreymi í lífeyrissjóðina hefur ekkert minnkað þannig að þeir þurfa sem fyrr að fjárfesta jafnt og þétt og gera það ýmist með útlánum eða kaupum á verðbréfum. Þeir hafa því svigrúm til að lána fé, beint eða óbeint, með kaupum á skuldabréfum, og það er enn mikilvægara nú en á undanförunum árum að þeir haldi því áfram.“

Lífeyrissjóðir lána sjóðfélögum gegn veði og fer veðhlutfallið yfirleitt upp að 65 prósentum af fasteignamat eða sölumati löggiltis fasteignasala. Venjulega er ekkert hámark á lánum, nema það takmarkast af veðrymi. Veðhlutfall lífeyrissjóðanna nú er orðið ekki mikið lægra en hjá bönkunum.

Sjá Veðhlutfall ... síðu 2

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

## Íslensk fyrirtæki lækka mest

„Menn féllu í bjartsýnisgrýfju eftir uppgjör fyrsta ársfjórðungs,“ segir Kristján Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans. Deildin er svartsýn á horfur á norrænum mörkuðum í nýju álitu sem hún sendi frá sér á mánudag.

Þar kemur fram að mikil verðbólga samhliða háu olíuverði muni koma niður á norrænum hlutabréfamörkuðum. Gert sé ráð fyrir nokkrum sveiflum það sem af er ári. Á heildina lítið

**KRISTJÁN BRAGASON**  
Landsbankinn er svartsýnn á horfur á norrænum hlutabréfamörkuðum á árinu.

MARKAÐURINN/GVA

verði vöxturinn hins vegar lítill eða enginn.

Íslensk fyrirtæki koma sérstaklega illa út úr samanburði við norræn fyrirtæki. Af fimm félögum sem hafa lækkað mest frá

í júní í fyrra eru fjögur íslensk. Það eru Exista, SPRON, Teymi og Bakkavör. Fimmta fyrirtækið er svo hið norska Renewable Energy Corp en gengi bréfa í fyrirtækinu hefur fallið um 45,1 prósent frá sama tíma í fyrra. „Ísland hefur verið í sviðsljósinu erlendis og gengislækkun krónunnar farið illa með flest fyrirtæki hér. En það verður spennandi að sjá uppgjör fyrirtækja hér á öðrum fjórðungi,“ segir Kristján.

- jab

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 17,2%\*
- GBP 5,5%\*
- USD 2,9%\*
- EUR 4,7%\*
- CAD 3,5%\*
- DKK 4,2%\*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/ISK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 2. maí - 2. júní 2008.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-2,5%	-30,4%
Bakkavör	-6,1%	-44,6%
Exista	0,9%	-48,8%
Glitnir	-2,0%	-22,1%
Eimskipafélagið	2,0%	-40,9%
Icelandair	-0,2%	-26,1%
Kaupþing	-1,0%	-12,7%
Landsbankinn	-2,6%	-30,1%
Marel	-0,3%	-7,0%
SPRON	4,3%	-49,0%
Straumur	-3,5%	-27,1%
Teymi	-2,7%	-45,1%
Össur	-0,1%	-1,3%

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

## Milljarðasjóður fyrir nýsköpun

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stóru bankarnir þrír og stærstu lífeyrissjóðir landsins hafa komist að samkomulagi um stofnun Frumtaks, sem er sérstakur sjóður sem mun fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar, segir í tilkynningu.

Frumtak mun hafa að minnsta kosti 4,6 milljarða króna á næstu árum til fjárfestinga. Sérstakt 1,5 milljarða króna framlag til Nýsköpunarsjóðs af tekjum ríkissjóðs vegna sölu Símans er stofninn í Frumtaki. Glitnir, Kaupþing



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON lðnaðar-ráðherra segir að einmitt nú þegar á móti blási í efnahagslífi sé höfuðnaðsyn að leggja á eitt um að bæta vaxtarskilyrði nýsköpunar- og sprotafyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og Landsbankinn leggja fram 1,5 milljarða króna og sex af stærstu lífeyrissjóðum landsins leggja fram 1,6 milljarða króna.

„Markmið Frumtaks er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Frumtaki er ætlað að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru komin af klakstigi og er áskilið að fyrir liggi ítarlegar viðskipta-áætlanir. Frumtaki er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna útrásar eða markaðssóknar íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði, ekki síst þegar möguleiki er á sameiningu eða samruna við fyrirtæki í eigu Frumtaks,“ segir í tilkynningunni.

- as

## Góður árangur á heimamarkaði

Árangur íslenskra fyrirtækja á heimamarkaði hefur ekki verið síðri en fyrirtækja sem hafa lagt áherslu á erlenda markaði.

Þetta kemur fram í rannsókn Einarssonar hjá ParX. Athugun hans tók mið af alþjóðlegri INNFORM-rannsókn og náði til 192 stærstu fyrirtækja landsins.

„Bakkavör og Actavis eru dæmi um fyrirtæki sem hafa náð meiri árangri með auknum vexti erlendis. Síðan má líka hafa í huga að mikill vöxtur hefur verið í byggingastarfsemi hér heima á sama tíma,“ segir Einar.

- ikh

## Bifrastarstúdent á nauðungaruppboði

„Þetta er mjög sjaldgæft, en ef fólk skuldar þá er það sett í innheimtuferli,“ segir Einar Sigurjónsson, fjármálastjóri Háskólans á Bifröst.

Á dögunum var auglýst nauðungaruppboð á íbúð í Breiðholti. Eini kröfuhafinn var háskólinn.

Samkvæmt Lögbirtingablaði nemur krafa háskólans ríflega einni milljón króna.

Fasteignamat íbúðarinnar sem krafist er að verði seld upp í skuldina er ríflega átján milljónir króna.

Markaðnum er ókunnugt um að menntastofnun hafi áður krafist nauðungarsölu á eign nemanda síns.

„Að öllum líkindum er hér um



BORGAR SIG AÐ BORGHA Háskólinn á Bifröst hefur krafist þess að íbúð nemanda verði boðin upp vegna skuldar við skólann.

MARKAÐURINN/HARI

húsaleiguskuld að ræða,“ segir Einar. Ólíklegt sé að skuldin hafi komið til vegna skólagjalda, þar sem fólk fái ídulega fyrirgreiðslu hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna þeirra.

- ikh

## Bræður halda sínu

Eignarhlutur stærstu hluthafa Existu þyntist um tuttugu prósent á þriðjudag í kjölfar hluta-

fjárukningar fyrirtækisins um rúma 2,8 milljarða nýja hluti vegna kaupa á Skiptum. Kaupþing er næststærsti hluthafi Existu með 10,4 prósent hlut.

Exista gerði yfirtökutilboð í Skipti, móðurfélag Símans, um stundarfjórðungi eftir að það var skráð á markað í Kauphöll Íslands 19. mars síðastliðinn. Greitt var fyrir með nýjum hlutum í Existu á genginu 10,1 króna á hlut.

Hlutur eignarhaldsfélagsins Bakkabraedur Holding B.V. stendur óbreyttur en félag bræðrana Lýðs og Ágústars Guðmundssonar keypti rétt Kaupþings að nær öllum nýjum hlutum í Existu sem bankinn átti að fá greidda fyrir hluti sína í Skiptum.

- jab

## Kópavogur tekur lán

Askar hafa lokið lántöku á 35 milljónum evra fyrir Kópavogsbæ. Þetta jafngildir 4,1 milljarði króna.

Skuldtryggingarálag lánsins er 65 punktar yfir Libor-vöxtum, samkvæmt heimildum Markað-

arins. Þetta er tíu punktum lægra en á því 25 milljóna evra láni sem Askar Capital tóku fyrir Hafnarfjarðarbæ í byrjun apríl. Þetta er sömuleiðis langt undir því sem bönkunum og ríkissjóði býðst að greiða fyrir sín lán.

- jab

## Lífeyrissjóðamálinu frestað til haustsins

„Frumvarpið fer út núna. Það ræðst á haustþingi hvað verður,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri-grænna.

Verkalýðshreyfingin hefur lýst mikilli andstöðu við frumvarp sem felur í sér heimild til þess að lífeyrissjóðir geti lánað verðbréf. Ýmsir hafa hins vegar lýst stuðningi við þessi ákvæði frumvarpsins. Þar á meðal eru Samtök fjármálafyrirtækja, Landssamband lífeyrissjóða og Kauphöllin,

en frumvarpið varð til að frumkvæði hennar.

Frumvarpið gerir nú ráð fyrir að lífeyrissjóðum verði heimilt að lána 12,5 prósent skulda- og hlutabréfa sinna. Ákvæði um hlutabréfalán taki gildi um áramót, en annað við gildistöku frumvarpsins. Þórir Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir það vont mál að frumvarpinu hafi verið frestað. „En aðalatriðið er að þetta verði.“

- ikh

## Veðhlutfallið lækkar

Bankar kynnu að vera að draga sig út af húsnæðismarkaðnum segir prófessor við Háskóla Íslands. Veðhlutfall þeirra í fasteignalánnum hefur lækkað mikið. Lífeyrissjóðir eru í sumum tilvikum með hærra veðhlutfall en bankarnir.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Lækkun veðhlutfalls kann að vera merki um að banki sé að draga sig út af húsnæðismarkaðnum, í bili að minnsta kosti,“ segir Þórolfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands.

Veðhlutfall banka og sparissjóða vegna fasteignalána hefur lækkað. Landsbankinn fer til að mynda niður í sextíu prósent, í fasteignalánnum í íslenskum krónum, en krefst raunar ekki fyrsta veðréttar.

Landsbankinn býður almennt upp á íbúðalán með sjötíu prósent veðhlutfalli, miðað við markaðsverð. Sama veðhlutfall er hjá Glitni, en á báðum stöðum geta sumir fengið hærra veðhlutfall. Það er nú 80 prósent hjá Kaupþingi og Íbúðalánasjóði. Sparissjóðirnir bjóða 75 prósent veðhlutfall. Það er 65 prósent hjá lífeyrissjóðum.

Það er af sem áður var þegar bankar buðu allir lán sem námu 100 prósentum af markaðsvirði.

Þórolfur Matthíasson bendir á að veðhlutfall og vextir séu hluti lánakjara og þar með hluti þess sem bankar noti í innbyrðis samkeppni sinni um viðskiptavinum. Þegar samkeppni um þá var sem hördust árið 2004 hafi sést dæmi um að lánshlutfall færi upp í 100 prósent. Hann segir að einnig beri að hafa í huga að eign sé trygging þess sem lánar, geti lántakandi ekki staðið í skilum. „Lækkun veðhlutfalls kann því einnig að vera til merkis um að lánveitendur telji verð eigna of hátt nú og að verðið muni verða lægra í framtíðinni. Lækkun veðhlutfalls væri þá varúðarráðstöfun sem ætlað væri að tryggja hagsmuni skuldareiganda kæmi til greiðslufalls í framtíðinni.“

Haft var eftir Arnóri Sighvatssyni, aðalhafrafræðingi Seðlabankans, í gær, að spá bankans um þriðjungs raunlækkun fasteignamats kynni að hafa



VIÐ TJARNARGÖTU Í REYKJAVÍK Veðhlutfall vegna íbúðalána hefur farið lækkað hjá bönkum og sparissjóðum, en það þýðir einfaldlega að minna er lánað upp í kaupverð íbúða.

Markaðurinn/GVA

verið vanmat. Hann lét þess enn fremur getið að stjórnvöld gætu falið Seðlabankanum að stýra veðhlutfallinu. Ekki einungis veðhlutfallinu hjá Íbúðalánasjóði, heldur hjá bankakerfinu í heild.

Þórolfur bendir á að lánsfé sé bönkunum dýrt nú um stundir. „Húsnæðislán eru lengstu lán sem þeir veita og þeim er nokkuð þröngur stakkur sniðinn varðandi breytingar á vaxtakjörum á útistandandi húsnæðislánnum. Það er því í hæsta máta eðlilegt að þeir reyni að draga úr húsnæðislánnum til að minnka fjármögnunarpörf sína í bráð og lengd.“ Þá kunnir undirmálmánavandræði í Bandaríkjunum að hafa orðið til þess að ekki þyki gott fyrir lánastofnanir að hafa of mikið af húsnæðislánnum í lánasafninu. „Það kunna því að vera rök sem snúa bæði að húsnæðismarkaðnum og rök sem snúa að alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem hníga í þá átt að það borgi sig ekki fyrir bankana að auka í stöðu sínar á húsnæðismarkaðnum.“

## Breytingar í Blikastaðahúsi

„Það brustu forsendur fyrir því að setja byggingarvöruslun niður þarna eftir að Bauhaus fékk lóð þarna rétt hjá,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, hjá Norvik, eiganda BYKO.

Til stóð að Byko, Rúmfatalagerinn og Mata yrðu með vöruhús í tæplega fjórtíu þúsund fermetra húsnæði við Blikastaðaveg í Reykjavík, skammt frá Vesturlandsvegi.

Húsið er risið og er unnið að frágangi, en hvorki BYKO né Mata verða þar með starfsemi.

„Við seldum þetta til Rúmfatalagersins fyrir nokkrum mánuðum,“ segir Jón Helgi. Gunnar Gíslason, framkvæmdastjóri Mötu, segir að áður hafi Mata selt sinn hlut til Byko.

Allt er þetta nú inni í félaginu

Stekkjarbrekkum, sem er dótturfélag SMI, sem er í eigu Jákups Jacobsen, eiganda Rúmfatalagersins. Arnar Hauksson, framkvæmdastjóri Stekkjarbrekku, segir að í ágúst sé stefnt að því að opna verslunarhúsnæðið. Þá verði þarna verslanir Rúmfatalagersins, húsgagnakeðjunnar Ilvu, Bónuss, Europris og Toys R Us.

Reykjavíkurborg setti á sínum tíma ströng skilyrði fyrir úthlutun lóðar á þessum stað. Þá var gert ráð fyrir stórverslunum

Rúmfatalagersins, Mata og Byko, en ekki hefðbundinni verslunarmiðstöð.

Steinn Valdís Óskarsdóttir segir að í borgarstjórninni sinni, 2004 til 2006, hafi verið á kreiki orðrómur um að Byko og Mata hygðust hætta við. „En á fundi með aðilum var ég fullvissuð um að þeir ætluðu að halda sínu til streitu.“

Arnar Hauksson segir að í upphaflegum skilmálum hafi verið gert ráð fyrir stórverslunum. „Á því hefur engin breyting orðið.“

## Birgjar geta farið annað

„Við erum að fara fram á það við birgjara okkar að þetta sé gert með þessum hætti en það er ekki verið að neyða neinn í þetta,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, eigandi Byko, um umdeilda lengingu á greiðslufresti. Samkvæmt nýjum skilmálum verða allir reikningar greiddir sextíu dögum

eftir lok úttektaránaðar.

Hann segir að ef birgjar séu ekki sáttir við þær vinnureglur sem Byko setur geti þeir til dæmis hætt að stunda þar viðskipti. „Við erum alveg viss um okkar rétt í þessu máli en hins vegar erum við að velta fyrir okkur hvort eitthvað af þessari umfjöllun sé ekki eftir reglum og erum að láta skoða það fyrir okkur,“ segir Jón.

- bpa

Frábærir  
vinningar alla  
föstudaga í  
sumar!

BYLGJAN  
989

# Sumarveikur NINGS



Vinnur þú einn  
sparneytnasta bíl  
landsins til afnota  
í heilt ár?

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaraskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli. Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.

**SUMAR  
TILBOÐ**

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu  
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti  
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur  
**2790**  
fyrir tvo

krónur  
**1395**  
á mann

ATH! SUMARTILBOD  
ER EINGÖNGU  
AFGREITT FYRIR 2.  
EDA FLEIRI • EF ÞÚ  
HRINGIR OG SÆKIR  
FYLGI 2L. KÖK MED  
TILBODINU

## NINGS

SUBURLANDSBRÁUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17  
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899  
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

Þú finnur ótrúlegt  
úrval ljúffengra rétta  
á matseðli okkar á  
[www.nings.is](http://www.nings.is)

...og kroppurinn  
blómstrar!

Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.

Nafn

Heimili

Sími

netfang

## Sameinast í ámunum

Líkur eru á að bjórframleiðendur heimsins skoði hugsanlega sameiningu gangi eftir kaup drykkjavörurísans Inbev á Anheuser-Busch. Mikil hagræðing þykir felast í krafti stærðarinnar, að sögn fréttaveitu Bloomberg.

Forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa ekki staðfest að þau eigi í samrunaviðræðum og vísað þeim á bug. Yfirtökutilboðið sem rætt er um er sagt hljóða upp á 41 milljarð dala, jafnvirði þrjú þús-

und milljarða íslenskra króna. Anheuser-Busch er umsvifamesti bjórframleiðandi Bandaríkjanna. Fyrirtækið keypti fimmtungshlut í Icelandic Water Holdings, sem framleiðir átappað vatn í Ölfusinu.

Gangi kaup Inbev á Anheuser-Busch eftir mun sameinast að fyrirtæki ná gríðarlegri markaðshlutdeild, fjórðungi á heimsvísu og rúmum helmingshlut í Bandaríkjunum, að sögn Bloomberg. - job



## Kaupum á Bear Stearns lokið

Yfirtökubandarískafjárfestingarbankans JP Morgan Chase á Bear Stearns lauk um síðustu helgi.

Bankinn rambaði um miðjan mars á barmi gjaldþrots sökum lausafjárþurrðar. Bandaríski seðlabankinn og JP Morgan tóku höndum saman og gripu til aðgerða gegn því að svo færi og keypti JP Morgan bankann með manni og mús fyrir 1,4 milljarða dala, jafnvirði rúmra 100 milljarða íslenskra króna.

Bandaríska dagblaðið New York Post segir Alan Schwartz, fráfarandi forstjóra Bear Stearns, hafa lýst því yfir að



BÚÍÐ SPIL Tæpur helmingur starfsmanna Bear Stearns flyst yfir til nýrra eigenda hjá JP Morgan. MARKAÐURINN/AFP

hann myndi ekki fylgja með í kaupunum en til stóð að hann yrði varaformaður stjórnar JP Morgan. Ástæðan mun vera óánægja hans með að tæpur helmingur starfsmanna flytjist á milli banka. Á meðal þeirra sem ekki fara eru John Ryding og David Malpass, hagfræðiforkólfr bankans.

Þetta eru miklir reynsluboltar úr bandarískum fjármálaheimi. Malpass var fjármálaráðgjafi í forsetatíð Reagans og Bush eldri en Ryding hefur starfað sem hagfræðingur hjá seðlabönkum beggja vegna Atlantsála. - job

## Samlokurnar undir væntingum

Hagnaður Greencore Group, umsvifamesta samlokuframleiðanda í heimi, nam 30 milljónum punda, jafnvirði 4,4 milljarða íslenskra króna, á síðustu sex mánuðum sem er fyrri helmingur rekstrarársins í bókum fyrirtækisins. Á sama tíma í fyrra hagnaðist Greencore um tæpar 34,9 milljónir punda. Þetta er undir væntingum.

Rekstrarhagnaður nam 27,9 milljónum punda, sem er 12,5 prósentu samdráttur á milli ára. Sala nam á sama tíma 451 milljón punda og er það sex prósentum minna en fyrir ári.

Bakkavör flaggaði tæpum ellufu prósentu hlut í fyrirtækinu á



AF FUNDI BAKKAVARAR Afkoma samlokuframleiðanda sem Bakkavör á hlut í var undir væntingum á fyrri hluta árs. MARKAÐURINN/VILHELM

síðasta uppgjörsfundi sínum.

Haft var eftir Patrick Coveney, forstjóra samlokuframleiðisins, í síðasta mánuði að miklar verðhækkningar á hráefni muni að líkindum koma hart niður á afkomu félagsins, jafnvel éta upp hagnað síðasta árs. - job

## Eignarhaldsfélögin koma frá Hollandi

Til stendur að eignarhaldsfélög tengd Ólafi Ólafssyni komi heim frá Hollandi í kjölfar nýrra laga um skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum. Bakkavararbræður eru ekki á heimleið. Björgólfur og Baugsfólk sitja sem fastast í öðrum löndum.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Ég hef grun um að menn stefni heim á leið, hægt og rólega. Við skoðum það að minnsta kosti mjög alvarlega,“ segir Ólafur Ólafsson, kaupskýslumaður og stjórnarformaður Samskipa.

Alþingi samþykkti á lokasprettinum nú í vor umdeilt frumvarp um skattfrelsi söluhagnaðar hlutabréfa. Fram að samþykkt laganna mátti fresta skattlagningu söluhagnaðar með því að endurfjárfesta söluhagnaðinn innan tveggja ára. Fjármagnseigendur fundu ýmislegt hagræði í því að geyma hlutabréfin sín í eignarhaldsfélögum sem stofnuð voru í Hollandi og raunar víðar. Þetta kann nú að breytast.

„Eignarhaldsfélögin í Hollandi og víðar heyrta brátt sögunni til og flytja til Íslands. Við búum í samkeppnisumhverfi og þegar Ísland býður aðstæður sem eru jafn góðar og annars staðar, þá þarf það ekki að koma á óvart að menn komi heim,“ segir Ólafur.

Hann er sjálfur meðal ráðamanna í félögnum Eglu BV, sem á stóran hlut í Kaupþingi, og Kjalari invest BV, sem er stærsti hluthafinn í Alfesca. Félögin eru bæði skráð í Hollandi.

Exista BV er stærsti hluthafinn í Kaupþingi og jafnframt stærsti hluthafinn í Bakkavör. Félagið er skráð í Hollandi. Bakkabraedur Holding BV, stærsti hluthafinn í Existu, er jafnframt skráð í Hollandi.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu og annar Bakkavararbræðra, segist ekki vera á heimleið. „Þetta eru jákvæðar breytingar sem munu hvetja til þess að ný félög verði skráð á Íslandi. Við höfum allanga reynslu af fyrirtækjumhverfinu í Hollandi sem hefur reynst bæði traust og stöðugt.“



Á HEIMLEIÐ Ólafur Ólafsson athafnamaður segist íhuga það mjög alvarlega að flytja eignarhaldsfélög sér tengd, Kjalari og Eglu, heim frá Hollandi í kjölfar nýrra laga.

Enn sem komið er höfum við ekki hugleitt það að flytja erlend félög okkar til Íslands, hvað sem síðar verður.“

Samkvæmt upplýsingum frá FL Group hefur ekkert verið ákveðið í þessum eignum. Félög FL Group sem skráð eru í Hollandi eru stærstu eigendur Glitnis, en Baugsfjölkskyldan ræður mestu um félagið.

Eftir því sem næst verður komist munu nýju lögin ekki hafa áhrif á fyrirkomulag eigna Björgólfsfæða hér á landi. Hluti þeirra er geymdur í félögum erlendis. Hins vegar mun ekkert vera útilokað í framtíðinni.

Elín Arnadóttir, yfirmaður skattasviðs PricewaterhouseCoopers, segir dæmi um að fjárfestar sem hugðust stofna félög í Hollandi hafi hætt við í kjölfar nýju laganna. Þá hafi hún einnig heyrt um félög sem séu á heimleið.

## Paulson vill lægra olíuverð

Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, segir talsvert þurfa til að lækka verð á hráolíu. Verðið hefur hækkað um rúm hundrað prósent frá í fyrra og stendur nálægt hæstu hæðum. Ráðherrann reiknar ekki með að það lækki á næstunni.

Paulson var í Katar um helgina og ferðaðist víðar um nágrannaríkin í vikubyrjun. Verðbólga í Katar mælist 13,7 prósent

og er hvergi meiri innan arabaríkjanna. Paulson taldi frekari fjárfestingar í öðrum orkugjöfum geta komið verðinu niður og dregið úr verðbólgu víða um heim. Vefmiðillinn MarketWatch segir að Paulson hafi ekki beint þrýst á að arabar ykju olíuframleiðslu sína, sem gæti síðan leitt til lækkunar á olíudropanum en það mætti þó greina af orðalagi hans. - job

## Fáir kaupa farsíma í Evrópu

Sala á farsímum dróst saman um sextán prósent í Evrópu á fyrstu þremur mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri úttekt markaðsrannsóknarfyrirtækisins Gartner. Þetta er fyrsti samdrátturinn sem fyrirtækið hefur greint í álfunni síðastliðin sjö ár.

Dráttur fyrir samdráttinn jókst farsímasala á nýmörkuðum um þrettán prósent. Vöxturinn var mestur á Indlandi og í Kína og hélt meðalsölunni uppi, að sögn Gartner sem spáir því að vöxtur

í farsímasölu verði almennt enginn á árinu í heild.

Fyrirtækið segir lítið framboð á nýjum farsímum í Evrópu skýra samdráttinn auk þess sem langtímasamningar farsímafyrirtækja geri viðskiptavinum hægara um vik að skipta um síma. Þá hafa neytendur haldið þéttar um budduna upp á síðkastið og dregið mjög úr kaupum á dýrari símunum.

Gartner reiknar með því að farsímasala muni glæðast seinni hluta ársins en þá setja farsímaframleiðendur nýja síma á markað. - job



# „Auðvelt að brúa bilið“

„Það er frábær þjónusta hjá Lýsingu að bjóða sveigjanleika í afborgunum. Það kemur sér mjög vel á meðan ég er í fæðingarorlofi að geta greitt minna en venjulega. Þegar maður er með eigin rekstur er ómetanlegt að fá þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins.“

Tinna Kristín Snæland,  
tannlæknir

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja viðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

# Álið er málið

Fegurð, mýkt, ending



## Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál	
RAL 1013	Perluhvítt
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Móráutt
RAL 5009	Blátt
RAL 6003	Ólívugrænt
RAL 7011	Koksgrátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetallic
RAL 9010	Hvítt
RAL 9007	Dökkur Metallic



## Horfðu til himins

Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði. Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98  
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 Móráutt  
RAL 9005 Svart  
RAL 9010 Hvítt



**HÚSASMÍÐJAN**  
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluaðili:  
Verlanir Húsasmíðjunnar  
um land allt

Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samlokueiningar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðaðu úrvalið á [www.altak.is](http://www.altak.is)



## Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)



# Marel sækir það besta frá Hollandi

Erik Kaman, nýr fjármálastjóri Marel Food Systems, ætlar að innleiða uppgjörsgreitur sem tíðkast hafa hjá Stork í Hollandi. Í haust verða komin mánaðarleg innri reikningsskil hjá samstæðunni allri. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér breytingar sem fyrir dyrum standa hjá Marel og hlutfjárútbod sem hefst á morgun.

**A**morgun hefst hlutfjárútbod Marel Food Systems vegna fjármögnunar á kaupum á Stork Food Systems í Hollandi. Samruni fyrirtækjanna gekk í gegn í byrjun síðasta mánaðar. Útbodið sem er sölutryggt af Landsbanka Íslands lýkur svo á föstudag. Alls stendur hluthöfum Marel til boða hlutfé fyrir 117 milljónir evra, eða sem nemur nálægt 13,5 milljörðum íslenskra króna. Þá er einnig heimild til þess að bjóða fagfjárfestum 30 milljónir evra (ríflega 3,5 milljarða króna) til viðbótar, en þá næmi heildarfjárhæð útbodsins 147 milljónum evra, eða nálægt 17 milljörðum króna.

Verð hluta í útbodinu er ákvarðað á síðustu stundu af stjórn Marel Food Systems og verður væntanlega birt í dag, um leið og útbodslýsing verður birt í Kauphöll Íslands. Aðstæður eru erfiðar á fjármálamörkuðum og segjast sérfræðingar sumir hverjir á fjármálamörkuðum búast við einhverjum afslætti frá markaðsverði í Kauphöll, en aðrir telja að markaðsverð verði látið ráða. Miðað við þetta gæti útbodsgengið hlaupið á bilinu 90 til 95 krónur á hlut.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur síðustu daga fundað með fjárfestum og fjármálastjórn Marel Food Systems og kynnt útbodið, en í síðustu viku bauð Marel Food Systems jafnframt fjárfestum og fleirum til Hollands að skoða höfuðstöðvar Stork Food Systems í Boxmeer og kynna sér framleiðsluferlið þar, auk þess sem búnaður bæði Marel Food Systems og Stork var sýndur að störfum í Emsland-kjúklingaverksmiðjunni í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi (sjá hér til hliðar).

Erik Kaman, nýr fjármálastjóri Marel Food Systems, sem áður var fjármálastjóri hjá Stork Aerospace, flugiðnaðargeira

Stork-samstæðunnar í Hollandi, hélt erindi þar sem hann fór yfir helstu verkefni sem fram undan eru í samþættingu og endurbótum hjá Marel. „Fegurðin við samrunann við Marel er hins vegar að nánast engin skörun er í þeim lausnum sem fyrirtækin bjóða,“ segir hann. Samlegðaráhrifin segir Erik Kaman hins vegar geta verið meiri en nemur stærðarhagræði og meira vöruframboði. Hann boðar til dæmis innleiðingu verkferla hjá Marel Food Systems sem þróaðir hafa verið hjá Stork, svo sem við fjárhagsuppgjör og reikningsskil. „Með bættem aðferðum er hægt að draga úr þeim tíma sem eytt er í að gera upp fortíðina og auka ráðrúm til að horfa fram á veginn,“ segir hann og bætir við að því fyrr sem rekstrarupplýsingar liggi fyrir, þeim mun betur gangi að stýra fyrirtækinu.

Uppgjörskerfi Stork verður því á næstu vikum innleitt í samstæðunni allri og tekin upp mánaðarleg innri reikningsskil með helstu tölum til stjórnar. „Þegar við byrjuðum árið 2000 að innleiða þetta kerfi hjá Stork tók um það bil fimm vikur að fá samstæðutölurnar, núna fáum við þær upplýsingar, ásamt rekstrarreikningi á sex virkum dögum, og það frá 180 einingum. Munurinn er því talsverður.“

Erik Kaman segist, í viðtali við Markaðinn, hafa verið spenntur að hefja störf hjá Marel Food System, en hann lét af störfum hjá einu elsta og virtasta iðnfyrirtæki Hollands. „Fyrirtækin eru svipuð að stærð,“ segir hann, en kveður um leið hafa verið spennandi að fá að koma að uppbyggingu hjá Marel eftir samrunann við Stork Food Systems. „Þá er líka meiri pólitík tengd rekstrinum í flugiðnaðinum og þá sér í lagi tengt því hverjum er selt og það er nokkuð sem mér fellur ekki



VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR STORK FOOD SYSTEMS Nýr fjármálastjóri Marel Food Systems, Erik Kaman, slær á létta strengi með Árna Oddi Þórðarsyni, stjórnarformanni félagsins, fyrir utan höfuðstöðvar Stork Food Systems í Boxmeer í Hollandi.

MARKAÐURINN/ÓKA

alls kostar. Ég kann hins vegar vel við mig í samkeppnisumhverfi þar sem áherslan er á bestu framkvæmd á öllum sviðum, hvort sem það er í tækni, skipulagi, upplýsingagjöf, sölu og öðrum sviðum.“

Nýr fjármálastjóri Marel segist gera ráð fyrir því að um hálf tákni á innleiða bestu reikningsskilaaðferðir hjá félaginu öllu, en tvö til þrjú ár að koma á bestu framkvæmd á öllum sviðum. „Reikningsskilin eru hins vegar grunnurinn sem við byggjum á.“

## NÝ FRAMKVÆMDASTJÓRN MAREL FOOD SYSTEMS

Í kjölfar kaupa Marel Food Systems (MFS) á Stork Food Systems í Hollandi hefur fyrirtækið skipað nýja framkvæmdastjórn.

Hana skipa Hörður Arnarson forstjóri, Theo Hoen aðstoðarforstjóri (áður forstjóri Stork Food Systems), Erik Kaman fjármálastjóri og Lárus Ásgeirsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs.

Eftir sameiningu fyrirtækjanna í byrjun síðasta mánaðar hefur MFS borist liðstyrkur úr röðum stjórnenda Stork. Auk Eriks Kamans, sem var áður hluti af stjórnendateymi Stork Aerospace, taka á næstu vikum við nýjum störfum hjá MFS stjórnendur á sviðum fjármála, skattamála, innkaupa og upplýsingatækni.



ERIK KAMAN

Forstjóri og aðstoðarforstjóri Marel Food Systems samkvæmt nýju skipulagi. MARKAÐURINN/GVA



### FRÍÐ YFIR FERLIÐ

Lars Gruntvig, sem varð einn af stærstu hluthöfum Marel við samrunann við Scanvægt, ræðir hér við Frans-Josef Rothkötter, framkvæmdastjóra og einn eigenda kjúklingaverksmiðjunnar í Emsland.

MARKAÐURINN/ÓKA

### HÖRÐUR ARNARSON OG THEO HOEN

Forstjóri og aðstoðarforstjóri Marel Food Systems samkvæmt nýju skipulagi. MARKAÐURINN/GVA



## Samstiga í tæknilausn

Tækjabúnaður frá Marel Food Systems og frá Stork Food Systems er grunnurinn að einni fullkonnustu kjúklingaverksmiðju í heimi.

Marel og Stork hafa í tæpan áratug átt í nánun samstarfi og er það meðal annars þess vegna sem búist við að samruni fyrirtækjanna gangi átaka-lítið fyrir sig, enda skarast starfsemi fyrirtækjanna lítið. Þetta er ólíkt erfiðum samruna Marel við Scanvægt í Danmörku þar sem fyrirtækin áttu í harðvítugri samkeppni.

Óviða kemur betur fram samstarf fyrirtækjanna en í einni fullkonnustu kjúklingaverksmiðju heims sem er í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi. Í Emsland Frischgeflügel er vinnslulínan frá Stork Food Systems, en hugbúnaður, gæðaeftirlit og fleiri þættir frá Marel.

Í heimsókn fjárfesta og annarra gesta til Emsland fór Frans-Josef Rothkötter, framkvæmdastjóri og einn eigenda, yfir ferlið sem er einstakt bæði hvað varðar afköst og öryggi. Verksmiðjan, auk fódurframleiðslu og annarrar starfsemi, er í eigu fjölskyldufyrirtækisins Rothkötter Kraftfutterwerk GmbH.

Reynt er eftir fremsta megni að haga slátrun kjúklinganna þannig að þeir verði ekki fyrir óþarfa óþægindum, enda skilar vanlíðan slátrudýra sér í verra kjöti. Kjúklingunum er slátrað með gasi og svo færðir upp á króka sem bera þá í gegnum alla verksmiðjuna. Hraðinn er slíkur að á sekúndu eru unnir 6,66 kjúklingar, eða 24.000 á klukkustund. Á um það bil fjórum tímum eftir slátrun fer kjúklingurinn í gegnum fiðurhrensun, kælingu og eftirvinnslu þar sem hann er bútaður niður og er á endanum kominn í neytenda-



DÁLEIÐANDI STREYMI Tvískipt verksmiðjan í Emsland skilar af sér 320 þúsund kjúklingum á sólarhring. MARKAÐURINN/ÓKA

pakkningar og tilbúinn til flutnings í verslun.

Í Emsland er í raun um að ræða tvær verksmiðjur sem keyrðar eru hlið við hlið og skila frá sér 320 þúsund kjúklingum á dag, en fjórðungur seldra kjúklinga í Þýskalandi kemur frá þessari einu verksmiðju.

- ÓKA

## Framtíðin er í kjúklingi

Morgan Stanley spáir breyttum neysluháttum.

Hækkandi fódurverð hefur gefið kjúklingarækt byr undir báða vængi, ef þannig má að orði komast. Helsti styrkur Stork Food Systems, sem nú hefur runnið saman við Marel Food Systems, er einmitt tæki til kjúklingavinnslu.

Í nýrri skýrslu greiningardeildar Morgan Stanley er mælt með fjárfestingum í kjúklingaíðnaði enda spáð örum vexti í þeim geira næstu ár. Samkvæmt útreikningum greiningardeildarinnar var hlutfall almennrar neyslu á kjúklingakjöti í samanburði við annað í fyrra 34,7 prósent. Árið 2017 gerir bankinn hins vegar ráð fyrir því að hlutfallið verði komið í 57,2 prósent.

Nokkrir þættir eru þarna ráðandi, svo sem áframhaldandi fólksfjöldun í heiminum, aukin kjötneysla með bættem efnahag í fátækari löndum sem og annars staðar, hækkandi fódurverð vegna aukinnar korneftirspurnar með aukinni framleiðslu á lífrænu eldsneyti, auk annarra umhverfisþátta sem ýta undir hærra verð.

Fódurverð vegur þungt í framleiðslukostnaði kjötvara og því



VIÐ FLÆÐILÍNUNA Fjárfestar og aðrir gestir kynntu sér kjúklingaverksmiðju Emsland Frischgeflügel í Þýskalandi í byrjun síðustu viku. MARKAÐURINN/ÓKA

ekki að undra þótt því sé spáð að kjúklingur nái yfirhöndinni, enda víðast hvar ódýrari en annað kjöt. Þannig þarf sjö kíló af fódri til að búa til eitt kíló af nautakjöti, fimm kíló á móti kíló af svínakjöti, en einungis 1,6 til tvö kíló af fódri til að framleiða eitt kíló af kjúklingakjöti. Einungis eldisfiskur er með betri fódurnýtingu, þar sem kíló kemur á móti kíló. Þar er framleiðslan hins vegar mun flóknari og hættara við áföllum en í kjúklingaræktinni. Eldisla tekur allt að þrjú ár að komast á markað á meðan framleiðsluferli kjúklinga nemur ekki nema fimm til sjö vikum.

- ÓKA

BMW 5 línan

www.bmw.is



Sheer  
Driving Pleasure

### BMW 520d

4 dyra - 2,0l. - 177 hestöfl - 5,6 ltr./100km  
8,4 sek./0-100km - 149 CO2 g/km

Frá kr. **5.880.000**

# BMW 5-línan

Fullkomin upplifun



**BMW 5 línan er hinn fullkomni bíll, hvort sem er í einkalífínu eða á framabrautinni.** Traustur, öruggur og áreiðanlegur eru lýsingarorð sem hæfa honum vel. Orðspor BMW fyrir frábæra auksturseiginleika er tilkomið vegna stöðugar þróunar nýs tækniþúnaðar, og gerir hann um leið að einum öruggasta bíl á vegum úti. BMW xDrive er með meiri viðbragðshraða en nokkuð annað fjórhjóladrifskerfi í heiminum. Hann er líka hagkvæmur. BMW 5-línan sigraði nýlega Toyota Prius í sparakstri blaðamanna Sunday Telegraph, en lykilinn að sigrinum var Efficient Dynamics tæknin, sem dregur verulega úr eyðslu og útblæstri. BMW 5-línan er því skynsamlegt val við núverandi aðstæður. Til að upplifa þessa frábæru blöndu af sportlegum akstri, klassískri hönnun og hátæknivæddum öryggisþúnaði, þá er eina svarið að panta einn reynsluakstur strax í dag. Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. **BMW 5-línan. Fullkomin upplifun.**

**BMW 520d Executive kr. 6.990.000** - Sjálfskiptur, leðurinnrétting, sóllúga, 17" álfelgur, M-leðurstýri, hiti í framsætum.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - [bmw@bmw.is](mailto:bmw@bmw.is) - [www.bmw.is](http://www.bmw.is)

Með bílinn handa þér

# Þrengingar verða á vinnumarkaði í haust

Háskólar landsins eru nú í óða önn að fara að útskrifa nýstúdentana. Þeir hafa aldrei verið fleiri. Þrengingar á vinnumarkaði hafa mikið verið í umræðunni síðustu mánuði og má búast við að þær komi enn betur í ljós nú á haustmánuðum. Annas Sigmundsson ræddi við nokkra viðmælendur um stöðu nýstúdentana og hvað þeim stæði nú til boða.

**A**tvinnuhorfur nýútskrifaðra háskólanema hafa töluvert breyst nú á milli ára. Fyrir ári var uppsveifla þjóðfélagsins í algleymingi og stúdentar gátu oft á tíðum jafnvel valið milli þriggja til fjögurra starfstækifæra. Þrengingar á fjármálamarkaði hafa breytt þessu ástandi töluvert en þó er það álit flestra við-

mælenda Markaðarins í þessari úttekt að afleiðingarnar séu ekki að fullu farnar að sjást á vinnumarkaði. Stúdentar fá kannski ekki draumastarfið sitt strax en þó fá allir vinnu.

Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, hefur áratuga reynslu af þessum markaði en hún hefur verið eigandi Hagvangs frá árinu 1986. Að hennar mati eru tækifæri þeirra sem nú eru að útskrifast ekki jafn spennandi og þau voru fyrir ári. Atvinnuleysi sé þó ekki byrjað að koma í ljós í miklum mæli og þrengingar séu almennt ekki farnar að hafa varanleg áhrif.

Hins vegar segir hún að ef þetta haldi svona áfram sé mjög líklegt að atvinnuleysi muni aukast á haustmánuðum. Atvinnuleysi mælist nú 2,3 prósent samkvæmt mælingum Hagstofunnar en greiningardeild Kaupþings hefur sem dæmi spáð því að það fari í 5,2 prósent á næsta ári.

## ÞRENGINGAR KOMA Á 6-8 ÁRA FRESTI

Katrín segir að þær þrengingar sem nú stöðji að vinnumarkaði komi alltaf á nokkurra ára fresti. Nefnir hún sem dæmi að ástandið hafi verið mjög slæmt á árunum 1993-94 þegar atvinnuleysi var mikið og vinnumarkaður var að ganga í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Þá var fjármálamarkaðurinn að verða til og þá voru fyrirtæki að segja upp mikið af eldri fólki til að koma á svokallaðri breytingastjórnun.

Svo hefðum við upplifað þetta aftur upp úr 2000 þegar miklar breytingar urðu og upplýsingateknigeirinn varð einna verst úti. „Núna má segja að þetta sé þriðja lægðin en við erum þó ekki farin að sjá miklar breytingar enn þá. Með haustinu óttast maður að það verði miklu þyngra á vinnumarkaðinum heldur en verið hefur undanfarin ár,“ segir Katrín.

Varðandi ráðleggingar til þeirra sem nú eru að útskrifast með BS- eða BA-gráðu segir Katrín að ef stúdentar eru ekki komnir með starf á vinnumarkaði sem þau telja ákjósanlegt geti verið skynsamlegast að halda beint áfram í meistaranám til þess að gera sig samkeppnishæfari. Það hjálpi alltaf til á vinnumarkaði.

Að hennar mati á ungt fólk í dag að velja meira fyrir sér hvar atvinnuöguleikarnir liggja og horfa meira á hvar vaxtamöguleikarnir eru í framtíðinni. Horfa meira af skynsemi heldur en hefur verið undanfarið þar sem allir hafi meira og minna stefnt í eina átt og menntað sig á sviði viðskipta. Það sé nú ljóst að þar séu kannski ekki um beinlínis ný tækifæri að ræða næstu árin.

## ÁHERSLUR MENNTAYFIRVALDA

Hún segir margar aðrar greinar líða fyrir það að þar skorti fólk. Nefnir hún þá sérstaklega að skortur sé á verk- og tæknifræðingum. „Fólk á að fara í raunhæft mat á því hvað komi sér best á vinnumarkaði þannig að það gefist einhver tækifæri að loknu námi. Fólk á ekki allt að horfa í sömu áttina og sérstaklega ekki ef áhuginn liggur kannski allt annars staðar,“ segir Katrín.

Hún beinir því til menntayfirvalda að þau skoði svolítið stefnu sína á hvað eigi að leggja áherslu á í framtíðinni. Hún nefnir sem dæmi að lítil áhersla hafi verið lögð á iðntækninám þar sem allir hafi verið að keppast við að komast inn í viðskiptaumhverfið. Viðskiptamenntun sé allra

góðra gjalda verð en það þurfi að gæta ákveðins jafnvægis til að störf séu til staðar fyrir allan þann stóra hóp.

Spurð hvar hún sjái samdrátt vera í störfum sem Hagvangur er að ráða í segir hún að enn vanti gríðarlega mikið af fólki í upplýsingateknistörfum og nefnir að enn vanti mikið af forriturum.

„Skortur er á fólki sem hefur góða menntun í bókhaldslegum skilningi, þ.e. reikningshald og endurskoðun. Öll endurskoðendafyrirtæki geta bætt við sig mannskap. Það er skortur á fólki á verkfræðistofum því þær hafa verið að bæta við sig mikið af stórum verkefnum,“ segir hún.

## VINNUMARKAÐUR VAR KOMINN Í RUGL

Varðandi ástandið sem var á vinnumarkaði fyrir ári nefnir Katrín að það sé rétt að það hafi verið orðið hálfgeit rugl og nefnir skipulagsleysi hjá fyrirtækjum.

„Það var svo mikill hjartsláttur hjá öllum og það átti að gera svo mikið. Það skorti svo mikið raunsæi í hugsun og okkur hefur fundist umræðan á villigötum og þessar miklu væntingar sem voru búnar til. Bara hvað við ætluðum að gera svo stóra hluti sem hefur tekið aðrar þjóðir mannsaldra að framkvæma. Það ætluðum við að gera á nokkrum mánuðum. Þá var ráðið inn fólk í stórum stíl. Síðan voru oft og tíðum ekki verkefni til staðar fyrir þetta fólk,“ segir Katrín.


Hún leggur áherslu á að fólk horfi á störf út frá því sem það langar að gera og út frá eigin styrkleikum en ekki út frá einhverjum tískastraumum. Katrín nefnir að opinber fyrirtæki séu ekki síður góður starfsvettvangur til að öðlast góða starfsþjálfun eða til að hasla sér völl sem framtíðarstarfsvettvangur. „Eins og við höfum sagt við fólk; ef þú stendur þig vel færðu það orðspor alltaf með þér hvert sem þú ferð svo áfram,“ segir hún.

Katrín nefnir að ungt fólk sé orðið meðvitaðra um það hvar það sjái sjálft sig eftir svona tíu ár. Mikil áhersla sé lögð á stjórnun og fólk horfi til þess að það ætli sér að verða stjórnendur. „En fólk á bara gríðarlega langt í land og marg ólært áður en það getur tekist á við það hlutverk. Ég vonast til þess að það verði meiri skynsemi sem fái að ráða förimmi núna en ekki bara óskhyggja og væntingar.“




**KATRÍN S. ÓLADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI HAGVANGS** Hún beinir því til menntayfirvalda að þau skoði svolítið stefnu sína á hvað eigi að leggja áherslu á í framtíðinni. Viðskiptamenntun sé allra góðra gjalda verð en það þurfi að gæta ákveðins jafnvægis til að störf séu til staðar fyrir allan þann stóra hóp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## ATVINNULEYSI SEM HLUTFALL HEILDARMANNAFLA



## FJÖLDI VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINEMA



## FJÖLDI Í NÁMI



## Enginn að vinna við neitt óskilyrt í neyð

Gestur Steinþórsson, formaður Mágusar, félags viðskiptafræðinema við HÍ, segir að þónokkur fjöldi nemenda sem nú séu að útskrifast hafi verið í hlutastarfi hjá fyrirtækjum með námi og fari nú að vinna hjá þeim við útskrift. Hann segir að útskrifaðir nemendur í viðskiptafræði sem fengu vinnu fari nú meira til bókhaldsfyrirtækja heldur en til bankanna. Bankarnir séu lítið sem ekkert að ráða inn.

Gestur segir að allir virðist fá vinnu þar sem viðskiptafræðinám sé fjölbreytt og boðið sé upp á fjórar mismunandi áherslur í sérhæfingu. „Það virðist enginn vera atvinnulaus við útskrift og ég þekki ekki

dæmi um að fólk fari að starfa við neitt óskilyrt í neyð,“ segir hann.

Varðandi launakröfur hefur hann ekki heyrt um að fólk sé að taka á sig launalækkun en teldi það ekkert óeðlilegt að fólki byðist ekki sömu kjör og buðust fyrir ári síðan.

Nú í vor útskrifar Háskólinn í Reykjavík í fyrsta skipti nemendur í verkfræði. Agla Friðjónsdóttir, formaður Pragma, félags verkfræðinema við Háskólann í Reykjavík, segir að útskriftarnemendur séu nú að fara í útskriftarferð og að ekki séu allir komnir með vinnu. Henni finnst það mjög skrytið þar sem það mikil eftir-

spurn var eftir þessu fólki þegar HR byrjaði að bjóða upp á verkfræðinám fyrir þremur árum.

„En nú þegar samdráttur hófst er orðið aðeins erfiðara að fá vinnu en fólk hélt. Þannig að nemendur finna alveg fyrir því að samdráttur sé á atvinnumarkaði. Það eru einhverjir nemendur sem eru að útskrifast núna sem eru ekki komnir með vinnu,“ segir Agla.

Hún segir að flestir hafi fengið sumavinnu í fyrra og sumir af þeim fari þangað til starfa nú en aðrir fái ekki fastráðningu hjá fyrri vinnuveitendum. Hún segir þó engan svartsýnistón vera í nemendum.



**GESTUR STEINÞÓRSSON** Formaður Mágusar, félags viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**AGLA FRIÐJÓNSDÓTTIR** Formaður Pragma, félags verkfræðinema við Háskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**ATVINNULEYSI** Væringar á vinnumarkaði undanfarin misseri eru ekki enn farin að skila sér í auknu atvinnuleysi. Ef fram heldur sem horfir má þó búast við því að í haust verði ástand vinnumarkaðar mun verra en það hefur verið undanfarin ár.

### UNGT FÓLK ORÐIÐ SVEIGJANLEGRA

Að mati Katrínar er sú kynslóð sem nú er að koma inn á vinnumarkaðinn algjörlega tilbúin að sveigja sig að breyttum aðstæðum á vinnumarkaði ófugt við það sem var til dæmis í þrengingunum 1993-94. „Fólk átti þá gríðarlega erfitt með að taka breytingum, ef því var sagt upp eða aðrar breytingar áttu sér stað á vinnumarkaði. Nú í dag er fólk þveröfugt. Fólk þrífst á stöðugum breytingum og að það sé verið að reyna að gera hlut-

ina betri og árangursríkari,“ segir Katrín.

Varðandi launakröfur segir Katrín að fyrir ári hafi fólk haft mjög háleitar hugmyndir um laun og sína eigin getu og krafist gríðarlega hárra launa. Nú sé fólk hins vegar tilbúið að ræða laun af meiri skynsemi og raunsemi. Katrín segir að einstaklingur sem er að útskrifast núna sé ekki með jafn háleit- ar hugmyndir um laun eins og áður þar sem þau séu einfaldlega ekki í boði eins og stað- an er núna.

## Fleiri umsækjendur um hverja stöðu

Sonja Dögg Pálsdóttir, ráðgjafi hjá Atvinnuþjónustu Háskólans í Reykjavík, segir að enn sé töluverð eftirspurn eftir fólki og að útskriftarnemendum gangi mjög vel að fá störf að námi loknu. „Útskriftarnemendum gengur vel að fá vinnu og eftirspurn eftir fólki hefur haldist stöðug alla vorönnina. Þó má greina nokkra breytingu á þeim störfum sem í boði eru fyrir viðskiptafræðinga milli ára. Til að mynda eru smærri fyrirtæki, opinberi geirinn og lífeyris- sjóðir í auknum mæli að ráða til sín fólk meðan dregið hefur úr eftirspurn fjármálafyrirtækja,“ segir Sonja.

Hún segir að fjármálafyrirtækin séu þó síður en svo hætt að ráða, störfin séu hins vegar færri en verið hefur og eru því fleiri umsækjendur um hverja stöðu. Það endurspeglir með skýrum hætti þær aðstæður sem ríki á vinnumarkaði um þessar mundir.

„Ég hef orðið vör við vaxandi fjölda umsækjenda um hvert starf, einkum er fjölgun meðal nemenda sem útskrifuðust frá HR fyrir 3-6 árum og eru að færa sig milli starfa. Þetta er fólk sem hefur aflað sér dýrmætrar reynslu á vinnumarkaði og er ánægjulegt að sjá að þeir koma til baka í HR og skrá sig í Atvinnuþjónustuna þegar þeir fara af stað í leit að nýjum atvinnutækifærum,“ segir hún.

Sonja segir að enn gæti mikillar eftirspurnar eftir fólki með fjármálaáherslu. Það endurspeglar meðal annars í því að fyrsti hópurinn sem nú lýkur BSc-prófi í verkfræði frá Háskólanum í Reykjavík hafi að stórum hluta verið kominn með atvinnutilboð nokkru fyrir útskrift.

„Það er óneitanlega áskorun fyrir þennan nemendahóp að fara út á vinnumarkaðinn þegar aðstæður eru sem þessar en mikill meirihluti þeirra hvar hins vegar kominn með framtíðarstarf sem tendist náminu fyrir útskrift, einkum þeir sem eru að ljúka BSc í fjármála- eða rekstrarverkfræði,“ segir Sonja.

Hún nefnir að þeir sem lokið hafi námi í löggildri verðbréfamiðlun hjá Háskólanum í Reykjavík séu augljóslega bæði verðmætir og eftirsóknarverðir starfskraftar. „Það er mjög oft leitað til okkar eftir fólki með þessi réttindi,“ segir hún.

Tölvunarfræðingum og tækni- menntuðu fólki gengur mjög vel að fá



SONJA DÖGG PÁLSDÓTTIR

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

störf og segist Sonja ekki sjá miklar breytingar hjá þeim hópi. Að hennar mati verður að öllum líkindum stöðug eftirspurn eftir fólki með þennan bakgrunn á næstu misserum því fram til þessa hefur framboð starfa í hugbúnaðargeiranum verið bæði fjölbreytt og ríkulegt.

„Umsækjendur um nám í tölvunarfræðideild við HR eru fleiri en síðustu ár sem er fagnaðarefni enda hefur ekki náðst að mæta fyllilega óskum þeirra hugbúnaðarfyrirtækja sem leita að hafa til Atvinnuþjónustunnar undanfarið. Atvinnumarkaðurinn hefur kallað mjög eftir tækni- menntuðu fólki og nú í fyrsta sinn í nokkur ár erum við hér í HR að sjá aukinn fjölda umsækjenda í tölvunarfræði,“ segir Sonja.

Hún segir að langflestir laganemar séu komnir með vinnu löngu fyrir útskrift og oft hjá fyrirtækjum og opinberum stofnunum sem þeir hafa starfað hjá með námi eða yfir sumartímamann.

„Reynsla sem nemendur afla sér í fjölbreyttum sumarstörfum hefur mikil áhrif á hvernig þeim gengur að fá störf sem samræmist því námi sem þeir eru að ljúka. Þannig getur reynst dýrmætt að nýta sumrin vel til að afla sér reynslu og byggja upp starfsferilinn,“ segir Sonja að lokum.

## Fleiri ætla í mastersnám

Steinn Jóhannsson, forstöðumaður kennslu- sviðs Háskólans í Reykjavík, segir að mikil aukning sé á umsóknunum um meistaranám við Háskólann í Reykjavík. Í ár sé um metaðókn að ræða.



STEINN JÓHANSSON

Steinn segir að ekki hafi verið gerð greining á því hvort aukning sé á aðsókn fólks á vinnumarkaði í meistaranám. Hann tekur fram að mikið af þeim námsleiðum sem boðið sé upp á í meistaranáminu miðist við að hægt sé að stunda þær með vinnu.

Umsóknir virðast nokkuð í bland frá fólki á vinnumarkaði og nýútskrifuðum en Steinn telur þó að aukningin komi að miklu leyti frá fólki á vinnumarkaði, einkum og sér í lagi í meistaranámið. „Fólk er greinilega að tryggja stöðu sína á markaði eða vill gera sig samkeppnishæfari,“ segir hann.

Steinn nefnir að umsóknunum í MBA nám séu aðeins færri núna heldur en í fyrra en bendir á að ástæða þess liggja meðal annars í því að framboð á meistaranámi hjá viðskiptadeildinni sé nú orðið mun fjölbreyttara og bjóða þeir upp á fjórar aðrar leiðir, fjármál fyrirtækja, fjárfestingastjórnun, alþjóðaviðskipti og reikningshald og endurskoðun.

Hann segir að stúdentar sem eru að útskrifast núna úr grunnnámi ætli margir hverjir að halda beint áfram í meistaranám en fyrir ári síðan þá gleypu fjármálafyrirtækin alla viðskiptafræðinga og jafnvel tölvunarfræðingana líka.

## Vinnumarkaðurinn var kominn í rugl

Drífa Sigurðardóttir, starfsmanna- stjóri verkfræðistofunnar Mannvits, segir að fyrirtækið sé búið að ráða í kringum 80 manns sem eru nýútskrifaðir sumarstarfsmenn. Hún sér ekki mikinn mun á milli ára en þessi fjöldi var nálægt 100 í fyrra. Hjá Mannviti starfa nú nálægt 400 manns. 35 af þeim 80 sem voru ráðnir voru fastráðnir og eru nýútskrifaðir annaðhvort með BS- eða MS-gráðu. Verkfræðingar og tæknifræðingar eru langfjölmennastir í þeim hópi sem Mannvit er að ráða.

„Það er enginn samdráttur hjá okkur við erum bara að fjölga. Verkefni hjá okkur eru mörg hver mjög stór og til nokkurra ára þannig að við finnum ekki fyrir samdrætti,“ segir Drífa.

„Í fyrra tókst okkur að ráða ofsalega marga. Við vorum þó að finna fyrir því að bankarnir voru að taka mikið af verkfræðimennntuðu fólki. Bankarnir hafa hins vegar gert það að verkum að miklu fleiri fara í verkfræðinám,“ segir hún.

Mannvit fékk miklu fleiri starfs- umsóknir núna en í fyrra. Drífa segir að það vanti hins vegar fólk með reynslu sem hafi t.d. útskrifast fyrir svona 10 árum síðan. „Þá voru bara svo fáir sem útskrifuðust úr verkfræði,“ segir hún.



DRÍFA SIGURDARDÓTTIR  
Starfsmannastjóri Mannvits.



SVALI BJÖRGVINSSON

Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Kaupþings, segir að eftir gríðarlega aukningu á síðustu árum í fjármálaheiminum hafi klárlega dregist saman en það sé hins vegar ljóst að á sama tíma opnist önnur tækifæri. Svali telur að það sé hollt og að nú gefist meiri tími bæði fyrir fólk að velja störf og fyrirtæki að skipuleggja sig.

„Vinnumarkaðurinn var fyrir ári síðan kominn í rugl og eftirspurn eftir fólki kominn langt fram úr framboði. Það getur hreinlega verið óhollt, sérstak-

lega þegar fólk er að stökkva á atvinnutækifæri sem það hefur enga reynslu til að sinna,“ segir hann.

Svali segir að mjög margir hafi sótt um sumarstörf hjá Kaupþingi nú í ár líkt og síðustu ár en segir það ekki rétt að örfáir hafi verið ráðnir. Alltaf þurfi vissan fjölda til að leysa af í útibúum bankans en það sé hins vegar rétt að ekki hafi verið mikið ráðið í höfuðstöðvar bankans, hvorki af sumarstarfsmönnum né nýútskrifuðum. Hann segir að bankinn hafi ráðið rúmlega 100 sumarstarfsmenn.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Evran bankar aftur upp á í Kauphöllinni. Á sama tíma eru viðskipti í sögulegu lágmarki og afskráningar tíðar.

## Tími breytinga í Kauphöll Íslands

Óli Kristján Ármannsson

Fyrir helgi var samþykkt á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Svona fram sett er þessi staðreynd kannski ekki til þess fallin að fólk kippist við af æsingi, en breytingin er hins vegar mikilvægari en gæti virst við fyrstu sýn.

Breytt lög eru nefnilega forsenda þess að hér geti í haust hafist í Kauphöll Íslands viðskipti með hlutabréf skráð í evrum. „Undirbúningur hjá öllum er í fullum gangi. Við stefnum að því að þessi viðskipti hefjist 24. nóvember,“ sagði enda Einar Sigurjónsson, forstjóri Verðbréfaskráningar Íslands, í frétt Markaðarins í Fréttablaðinu á föstudag.

Á sama tíma er ástæða til þess að velja fyrir sér stöðu Kauphallarinnar. Þessa dagana einkennir ládeyða viðskipti þar og skyldi engan undra. Óvissa er enn mikil í skugga lausafjárþurrðar á alþjóðamörkuðum, kaupendahlíðin fátækleg og fjárfestar halda að sér höndum. Úr verður ástand sem ómögulegt er að spá fyrir um hversu lengi varir.

Þá er áhyggjuefni hversu mörg félög eru við það að hverfa úr Kauphöllinni. Fari svo að SPRON renni saman við Kaupþing eru þau sjö talsins. Hvískrað er um að fleiri kunni að vera á útleið. Við slíka blóðtöku eykst einsleitni Kauphallarinnar og vægi fjármála-fyrirtækja í vísitölum hennar eykst enn. Til lítils er fyrir fjárfesti að ætla að dreifa áhættu með kaupum í Úrvals-vísitölnni, ef hann gæti eins sett peningana í nokkra banka. Þá eru litlar líkur á að önnur fyrirtæki komi í næstu bráð í staðinn fyrir þau sem hverfa, vegna þess hve erfitt er um þessar mundir að afla fjár á markaði.

Sömuleiðis er fækkun skráðra fyrirtækja áhyggjuefni fyrir stofnanir á borð við Seðlabanka Íslands, sem reiðir sig á upplýsingar af markaði við spágerð og áætlanir. Skráð fyrirtæki taka á sig mikla upplýsingaskyldu, en mun tregar gengur að nálgast upplýsingar frá óskráðum fyrirtækjum.

Svartnættið er hins vegar ekki algjört. Einnig má líta svo á að í sumum tilvikum hið minnsta sé um nauðsynlega hreinsun að ræða í Kauphöllinni og óvist að öll fyrirtæki hafi átt þangad erindi til að byrja með. Annars staðar hefur markaðsárfærðin orðið til þess að velja með bréf félaganna hefur nánast staðnað og gríðarlegir efnahagsörðugleikar orðið til þess að hlutir færast á færri hendur. Með evruskráningu hlutabréfa í byrjun næsta vetrar og tækifærum sem hún kann að hafa í för með sér, þegar fjárlægður er sá þröskuldur sem krónan er erlendur fjárfestum, fjölgar líka tækifærum Kauphallarinnar. Þá má ekki gleymast að þótt félög hverfi úr Kauphöllinni standa eftir öflug félög. Þá biða einhver, svo sem Promens, sem boðað hafa skráningu í evrum á næsta ári.

Eins bera forvarsmenn erlendra kauphalla sig vel. „Færa má fyrir því rök að aldrei hafi verið betra að stunda kauphallarviðskipti,“ sagði til dæmis Clara Furse, forstjóri Lundúnakauphallarinnar (LSE), nýlega í spjalli við tímaritið The Economist. Víða hafa nefnilega blómstrað viðskipti með hvers kyns afleiddar vörur á fjármálamarkaði. Með það í huga má horfa með nokkurri bjartsýni til frumvarps (sem reyndar hefur verið frestað til haustsins) sem heimilar lífeyrissjóðum að lána hlutabréf, en það er forsenda þess að hér verði komið á svokölluðum skortsölumarkaði og þau viðskipti með það dregin fram í dagsljósið úr þeim skúmaskotum þar sem þau eru núna stunduð.

Hins vegar hjálpar ekki til óvissuástand sem enn ríkir þrátt fyrir afar jákvæð skref sem tekin hafa verið í styrkingu gjaldeyrisforða landsins. Núna er beðið stórrar lántöku íslenska ríkisins til styrktar gjaldeyrisforðanum. Óljóst er á hvaða kjörum ríkið fær tekið lán, en um leið ljóst að bankarnir horfa til lántöku ríkisins sem nokkurs konar mælistiku á hvaða kjör þeim kunni sjálfum að bjóðast í stórum skuldabréfaútgáfum. Í eðlilegu árferði mætti gera ráð fyrir að umframálág bankanna miðað við ríkið næmi 10 til 20 punktum. En eins og málm er háttað nú er fremur gert ráð fyrir að kjör þeirra verði 50 til 60 punktum lakari. Í öllu falli er ljóst að fjárfestar finna tæpast sjálfstraustið fyrr en sér fyrir endann á hremmingum fjármálaheimsins og um leið á því skorti á trausti sem fjármálakerfið hér býr við á alþjóðavettvangi. Seðlabankinn og ríkið hafa tekið stór skref í rétta átt með lánalínum og heimild til frekari lántöku til styrkingar gjaldeyrisforða landsins. Nú þarf bara að ljúka þessu ferðalagi.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

# Ísland þarf nýja sögu

ORD Í BELG

Finnur Oddsson  
framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs Íslands



víða, m.a. í mikilli náttúrufergud, fjölbreyttum auðlindum, þróuðum atvinnuvegum og innviðum á öllum sviðum, sterku lífeyrissjóðskerfi, auk menntunar og þekkingar Íslendinga.

Þörf er á nýrri sögu um Ísland. Hennar er þörf til að rétta af skaddað orðspor landsins sem nú er efnahags- og viðskiptalífi til trafala. Sagan þarf að hafa tvennt til að bera. Í fyrsta lagi verður hún að byggja á raunverulegum styrkleikum þjóðarinnar. Annars verður mögulegur ávinningur í besta falli skammvinnur. Í öðru lagi þarf sagan að tengjast hagsmunamálum sem eru áhugaverð í alþjóðlegu samhengi. Að öðrum kosti verður ekki fjallað um framlag Íslands utan landsteinanna. Því er rétt að huga að hvar áhugi heimsbyggðarinnar liggur og hvað það er helst sem Ísland hefur fram að færa.

PEKking SEM Á AÐ NÝTA

Stærsta og mest ógrandi viðfangsefni mannkyns um fyrirsjáanlega framtíð er að sjá þjóðum heims fyrir orku án þess að skaða umhverfið frekar. Birgðir jarðefnaeldsneytis fara þverrandi á meðan orkuþörf eykst stöðugt. Pólitískur og hagrænn þrýstingur hefur aukið áhuga á endurnýtanlegum, vistvænum orkugjöfum gríðarlega og hraðað þróun tækni til muna. Á tímum kolefniskvóta og útblástursheimilda mun slíkur áhugi aðeins vaxa og hraði tæknipróunar aukast.

Hér hafa Íslendingar margt fram að færa. Virkjun og nýting fallvatna og jarðvarma til orkuframleiðslu á sér áratuga sögu hérlendis og vegna hennar hefur orðið til dýrmæt þekking. Um 80% af orkuþörf okkar

eru uppfyllt með endurnýtanlegum orkugjöfum og stöndum við þar fremst meðal þjóða. Ef marka má umfjöllun, m.a. nýlega í Newsweek, er eftir þessu tekið og sannfærandi rök hafa verið færð fyrir því að næsta tækifæri Íslands, og það stærsta til þessa, liggja á sviði grænnar orku.

Það er óumdeilt að íslenskt hugvit á sviði nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa er með því fremsta sem þekktist. Sérfræðiþekking hefur verið byggð upp hjá íslenskum verkfræðistofum og opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Þessa þekkingu ber okkur skylda til að nýta til fullnustu bæði hérlendis sem erlendis. Sú skylda er annars vegar gagnvart skattborgurum, sem eiga rétt á hámarksáráð af fjárfestingu í innviðum orkugeira og uppbyggingu þekkingar. Skylda okkar er einnig gagnvart alþjóðasamfélaginu, því íslensk þekking getur verið þungt lóð á vogarskálur hagfelldari framfærðum umhverfisvænnar orkuvinnslu í heimi þar sem slík orka verður nauðsynlegri með hverjum degi sem líður.

SAMSTARFS ER ÞÖRF

Til þess að Ísland láti verulega að sér kveða í vinnslu endurnýtanlegrar orku þarf að finna leiðir til að virkja þá þekkingu sem orðið hefur til í opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Eðlilega er mikilvægt að hlúa markvisst að þessari þekkingu og efla hana. Í þeim efnum er jákvætt að horfa til áhuga bæði íslenskra og erlendra menntastofnana á að láta til sín taka. Hins vegar er ekki síður mikilvægt að finna sérþekkingu okkar farveg í arðberum verkefnum á erlendri grund. Til að svo verði er þörf á frekara samstarfi milli opinberra fyrirtækja og einkaframptaks.

Mjög mikilvægt er að fyrri mistök við að koma á slíkri samvinnu verði ekki til þess að ótvíráður ávinningur af frekari nýtingu einkaframptaks í orkugeiranum verði virtur að vettugi. Annars er hætt við að enn frekar fjari undan tækifærum við nýtingu okkar dýrmætu þekkingar. Það þarf að reyna áfram og til þess þarf skýran vilja, pólitíska samstöðu og þor. Innan seilingar er íslensk forysta á sviði endurnýtanlegrar, vistvænnar orkuvinnslu. Slík forysta er saga sem mun gagnast við uppbyggingu sterkrar og jákvæðrar ímyndar Íslands. Innviðirnir eru til staðar svo sagan geti orðið að veruleika og hún fjallar um eitt stærsta hagsmunamál heimsbyggðarinnar, aukið framboð vistvæna orkugjafa. Þessi saga verður hins vegar ekki sögð án þess að kraftar einkaframptaks verði þar stór kafli. Tækifærið er núna. Tíminn er núna.

BÖLMÓÐUR TIL VANSA

Umræða af þessu tagi hefur einnig smitað þjóðarsálina, sem birtist í óhóflega neikvæðri umræðu innanlands um efnahags- og viðskiptalíf. Þetta er hvítleitt í ljósi þess að uppgangur viðskiptalífsins á stóran þátt í góðri stöðu ríkissjóðs (vegna hárra skattgreiðslna) og hefur gert Íslendinga málsmetandi á sviðum sem við tókum ekki þátt í áður. Tímabundnar efnahagslegar þrengingar, með hárra verðbólgu og stýrivöxtum, eru að auki ekki vel til þess fallnar að blása mönnum kjark í brjóst. Segja má að orðræðan að undanförunni hafi frekar einkennt af depurð og svartnýni en þeim krafti sem öllum er ljóst að býr í íslenskri menningu og atvinnulífi.

Bölmóður af þessu tagi er til vansa og sagan sem sögð hefur verið að undanförunni gefur alls ekki rétta mynd af stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, né þeim tækifærum sem við blasa. Stoðir íslensks efnahagslífs eru nú fjölbreyttari og öflugri en fyrir fáum árum og styrkleikar



Á HELLISHEIÐI Greinarhöfundur kallar eftir dug til að fylgja á eftir útrás í orkugeiranum þar sem ómæld tækifæri séu og nýtingu þekkingar sem hér hafi orðið til í opinberum fyrirtækjum og stofnunum.

ORDSKÝRINGIN

## Vogunarsjóður

Vogunarsjóðir eru ákveðin tegund fjárfestingarsjóða sem átt hefur sívaxandi vinsældum að fagna meðal fjárfesta um heim allan. Í ítarlegri umfjöllun greiningardeildar Kaupþings í byrjun áratugarins eru vogunarsjóðir sagðir „lokaðir fjárfestingarsjóðir sem, ólíkt hefðbundnum verðbréfasjóðum, hafa heimildir til að beita margvíslegum fjárfestingaraðferðum við að ná hámarksávöxtun að teknu tilliti til áhættu fyrir sjóðsfélaga sína“. Sjóðir þessir, með því að uppfylla ákveðin lagaleg skilyrði,



falla ekki undir hefðbundnar reglur um fjárfestavernd og er því gefinn lausari taumurinn í fjárfestingarstefnu. Meðal aðferða sem vogunarsjóðir beita eru skortstöður, skuldsetning og afleiddar vörur á fjármálamörkuðum, svo sem skuldafyrirgöngur. Vogunarsjóðir taka meiri áhættu í fjárfestingum og verður arðsemi eigin fjár meiri þegar vel tekst til, en að sama skapi eykst áhættan á tapi. „Því til viðbótar eru sjóðirnir lokaðir almenningi, þ.e. standa aðeins fagfjárfestum til boða,“ segir í áðurnefndri umfjöllun greiningardeildarinnar.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Amarnson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Adalsteinn Bergveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... INGÓLF HELGASON, FORSTJÓRA KAUPÞINGS Á ÍSLANDI

## Traustur bak við tjöldin

„Hann Ingólfur er geysilega snjall bankamaður, en er lítið fyrir sviðsljósið,“ er setning sem virðist standa upp úr hjá mörgum þegar talið berst að Ingólfi Helgasyni, forstjóra Kaupþings á Íslandi. Og það er að mörgu leyti rétt að miðað við þá ábyrgðarmiklu stöðu sem Ingólfur gegnir í samfélaginu hefur honum tekist merkilega vel að halda sér og sinni persónu utan við kastljós fjölmiðlanna.

Ingólfur er fæddur 1967, alinn upp á Akranesi og nam við Samvinnuskólann á Bifröst.

Foreldrar hans eru þau Sigríður Gróa Kristjánsdóttir, sjúkraliði og fyrrverandi bæjarfulltrúi, og Helgi Ingólfsson rafvirki. Síðar lá leiðin upp í Háskóla Íslands, þaðan sem hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 1993. Ári síðar fékk Ingólfur leyfi sem löggiltur verðbréfamiðlari, en hann hafði þá þegar hafið störf hjá Kaupþingi; fyrst í einstaklingsráðgjöf og síðar í miðlun.

Ingólfi er lýst sem hæglátum manni, sem sé þó ákaflega skemmtilegur í góðra vina hópi. Fjölskyldumaður mikill, en hann

er kvæntur Hönnu Birnu Björnsdóttur og á einn son, áhugasamur veiðimaður í meira lagi og mikið fyrir útivist. Undirmenn hans bera honum vel söguna; segja auðvelt og gott að leita til hans og hann „fari ekki á taugum“ þótt ýmislegt gangi á.

Almennt er talið mjög náið milli Ingólfs og Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings-samtæðunnar. Sömuleiðis segja viðmælendur blaðsins að Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður félagsins, hafi miklar mætur á forstjóranum á



Íslandi, ekki síst því að hann hafi þorað að segja nei við óraun-

hæfum lánabeiðnum stórra viðskiptavina þegar allt lék í lyndi. Slík skynsemi hafi ekki verið of vinsæl þá, en skili sér auðvitað vel við núverandi aðstæður.

Ingólfur hefur verið allan sinn starfsferil hjá Kaupþingi, hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta frá 1997 til 2003, þegar hann varð framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá sameinuðum banka Kaupþings og Búnaðarbankans.

Hinn 1. september 2005 var Ingólfur ráðinn forstjóri Kaupþings banka á Íslandi.

### SPÁKAUPMAÐURINN

## Skjálfti

Skjálfti er á fleiri stöðum en á Suðurlandi. Sjálfur tók ég lítið eftir honum. Var þannig staddur í tilverunni að annað hafði forgang.

Þegar konan spurði hvort ég hefði fundið fyrir honum kyngdi ég og svaraði, svolítið mäsandi: „Ja...á.“

En það var nú allt um mína skjálftavirkni.

Virkin er mun meiri utan minna privatvera. Hún er mikil á hlutabréfamörkuðum. Svo mikil að síðast þegar ég lagðist til svefns yfir Bloomberg sá ég í svefnrofunum borða renna yfir skjáinn. Þetta voru varnaðarorð til fjárfesta, falleg ábending frá fjármálastöðinni þar sem sagði eitthvað á þá leið að fjárfestar ættu að hafa varann á, renna ekki blint inn í hriðina eftir þeim leiðarvísi sem finna má í verðmötum banka og fjármálafyrirtækja. Gengi hlutabréfa geti lækkað. Nú jæja, það fannst mér ekki merkilæg ábending til þeirra sem á annað borð horfa á stöðina.

Það hefði mátt benda á þetta fyrr, segjum í júlí eða ágúst í fyrra. Enda sitja nú margir með sárt ennið og snæða skóreimar með botnum og möl í hvert mál líkt og Chaplin í Gullæðinu.

Það er að segja þeir sem höfðu ekki vit á öðru, lásu efsta hlutann á greiningum og verðmötum og héldu í alvöru að það sem færi upp kæmi aldrei niður.

Segjum Jesú og Vilhjálm Bjarna það en annar þeirra hefur séð á eftir nokkrum bílum hverfa úr eignasafninu. Ódýrir bílar það, nema ef vera skyldi Hummer, sem ég reyndar sakna af götum borgarinnar.

Eftir Jesú bíð ég enn og reyndar búinn að veðja gegn því að hann láti sjá sig.

En hvað um það. Greiningardeildum getur skjátlást. Þetta eru bara menn og konur af holdi og blóði – á háum launum. Lítum á verðmat frá í haust sem ég fann í skrifborðsskúffu um helgina. Þar er mælt með kaupum á bréfum í Bakka-vör, Existu, Kaupþingi og Össuri. Skemmtilegt frá því að segja en Össur reyndist öflug hækja þegar á reyndi. Þá var næstum guðsgjöf að halda í bréf Icelandic Group. Já og halda þeim fast – á genginu sex. Og þá er ég ekki að tala um aura líkt og verðið á bréfunum stefnir á með dágóðum fallhraða.

Já, hlutabréf geta lækkað.

Spákaupmaðurinn á horninu

### Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verslanir

ís-húsið  
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is

# MÁ BJÓÐA ÞÉR Á FORMÚLUNA Í VALENCIA?

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT  
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐinni  
Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST\*  
DREGIÐ 22. JÚNÍ

\*Miðað við 3 mánaða bindingu.

**SPORT**  
besta sætið

## Laun hækka

Samkvæmt vísitölu launa voru regluleg laun að meðaltali 2,8% hærrí á fyrsta ársfjórðungi 2008 en í ársfjórðungi á undan. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 2,6% að meðaltali og laun opinberra starfsmanna um 3,1%. Frá fyrra ári hækkuðu laun um 7,1%, 7,5% á almennum vinnumarkaði og um 6,1% hjá opinberum starfsmönnum segir í tilkynningu frá Hagstofu Íslands.

Einnig kemur fram að frá fyrri ársfjórðungi hækkuðu laun sérfræðinga mest eða um 3,8% en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst, um 2,1%. Laun sérfræðinga hækkuðu jafnframt mest frá fyrsta ársfjórðungi 2007, eða um 10,9%, en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst, 5,7%. - bpa

## Hallinn eykst

Halli á vöruskiptum var neikvæður í apríl um 7,3 milljarða króna. Í apríl 2007 voru vöruskiptin óhagstæð um 14,1 milljarð króna á föstu gengi segir í tilkynningu frá Hagstofu Íslands. Verðmæti útlutnings dróst saman um 4,3 pró-

sent á föstu gengi frá fyrra ári. Samdráttinn má rekja til lækkunar á verðmæti sjávarafurða. Aukning var hins vegar á verðmæti áls og iðnaðarvöru. Innfluttar vörur hækkuðu í verði um 1,2 prósent á föstu gengi. - bpa

## Fasteignasölur sameinast

Fasteignasölnurnar Eignamiðlun og Fasteignasala Mosfellsbæjar hafa ákveðið að sameinast undir nafninu Eignamiðlun. Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri hins sameinaða fyrirtækis, segir sameiningu ekki merki um erfiða tíma heldur muni sameining efla fyrirtækið. „Við erum að hugsa til framtíðar, við höfum ekki fækkað starfsfólki, raunar

bættum við við sölumanni í apríl. Verkefnið er orðin sívaxandi og fjölbreytt, það er ekki bara sala á íbúðum heldur einnig atvinnuhúsnæði,“ segir Sverrir.

Stjórnarformaður sameinaðs fyrirtækis er Einar Páll Kjærne- sted. Starfsmenn Eignamiðlunar verða tuttugu eftir sameiningu, þar af tíu löggiltir fasteignasalar. - bpa

### BESTA RÁÐIÐ

## „Veldur hver á heldur“

Það hefur reynst okkur vel að vinna samkvæmt máltækinu „veldur hver á heldur“, segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Askar Capital og Sjóvá.

Spurður um uppruna hugtak- ins segir Karl að spakmælið sé gamalt en hafi verið heimfært á heim nútímavíðskipta. Hann trúir því að það sé ekki nægjanlegt að kaupa hlutabréf í félögum án þess að sinna þeim nokkuð. Hann segir að hugtakið „veldur hver á heldur“ merki að hver hafi þær eignir í hendi sér sem viðkomandi hefur í sinni eigu. Það er því á valdi hvers og eins



**KARL WERNERSSON** segir að ekki sé nóg að horfa á fjárfestingar úr fjarlægð heldur verði að sinna þeim af kostgæfni svo þær beri ávöxt. MARKAÐURINN/GVA

að hafa áhrif á framgang þeirra félaga sem fjárfest er í.

„Það er mikilvægt að hafa jákvæð áhrif á þær eignir sem fjárfest er í og ef vel gengur er það ekki tilviljun heldur afleiðing góðra ákvarðana og merki um að hlutunum sé sinnt af kostgæfni,“ segir Karl. - bpa

# Breytingar hjá Yggdrasil

## Dina Akhmetzhanova nýr framkvæmdastjóri.

Fjárfestingarsjóðurinn Arev N1 hefur keypt helmingshlut í fyrirtækinu Yggdrasil og er fyrirtækið þar með alfaríð í eigu Arev N1.

Í kjölfar breytinga á eignarhaldi hefur Dina Akhmetzhanova verið ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Við munum halda áfram að þróa Yggdrasil í takt við það góða starf sem unnið hefur verið síðustu ár við kynningu og markaðssetningu á lífrænt ræktuðum vörum. Við munum halda áfram að auka vörurúrval og stefnum jafnframt að því að efla smásöluverslunina enn frekar með aukinni þjónustu og fræðslu,“ segir Dina.

Yggdrasil er ein elsta verslun á Íslandi með lífrænt ræktaðar vörur, en fyrirtækið hefur stundað bæði heild- og smásölu frá árinu 1986. Yggdrasil selur yfir 3.000 lífrænt ræktaðar vörutegundir. Auk matvara býður verslunin til að mynda lífrænar snyrtivörur, hreinlætisvörur og fatnað, segir í fréttatilkynningu frá félaginu. - bpa



**DINA AKHMETZHANOVA** Nýr framkvæmdastjóri Yggdrasils leggur áherslu á auknið vörurúrval og að efla smásölu. MYND/YGGDRASIL

## Tími hagræðingar runninn upp

„Fólk er að spyrja meira um sparneytnari bíla nú en áður,“ segir Dagur Jónasson, framkvæmdastjóri Bílalands.

Bílaland er sameinað fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á notuðum bílum frá Ingvari Helgasyni og B&L. Fyrirtækið tekur til starfa á morgun. Þetta er stærsta bílasala landsins með hátt í þúsund bíla og fimmtán starfsmenn.

Á sama tíma fer í loftið ný heimasíða fyrirtækisins sem veitir nákvæmar upplýsingar um hvern bíl og sýnir lagerinn eins og hann er á hverjum tíma. „Við ætlum að keyra á heimasíðunni enda skoða viðskiptavinir bíla fyrst á netinu áður en þeir fara á sölurnar,“ segir Dagur.

Hann segir að reikna megi með samdrætti í sölu á nýjum bílum á næstunni. Ekki sé að marka þær upplýsingar sem liggja fyrir nú enda fari í hönd gríðarleg skráning á nýjum



**DAGUR JÓNASSON** Framkvæmdastjóri Bílalands segir fólk fremur kaupa notaða bíla þegar þrengi að í efnahagslífinu. MARKAÐURINN/GVA

bílum sem bílaleigurnar kaupir. „Þetta er árstíðabundið og eru í kringum þúsund bílar,“ segir hann. En öðru máli gegnir um notaða bíla. „Í samdrætti kaupir

fólk frekar notaða bíla en nýja og nú spyr fólk hvað hann eyði miklu,“ segir Dagur. „Það mun aðeins aukast ef fram heldur sem horfir.“ - jab

# Kemur kreppan eða er hún komin?

HAFLÍDI HELGASON  
BLAÐAMAÐUR OG RÁÐGGJAFI



**M**ig minnst að það hafi verið Ronald Reagan sem var skammaður fyrir það í kosningabaráttu sinni að nota kreppuhugtakið óvarlega um samdráttarskeið í Bandaríkjunum sem hann skrifaði á reikning demókrata. Demókratarnir töldu sig geta komið höggi á kallinn fyrir óvarlega notkun hugtaka, enda var fjárfari lagi að skollin væri á kreppa samkvæmt skilgreiningu hagfræðinga og því nær að tala um samdrátt.

Svar Reagans var einfalt: „Samdráttur er þegar nágranni þinn missir vinnuna, en kreppa er þegar þú missir hana.“ Þannig er um okkur öll að sýnin á stöðu hagkerfisins markast alltaf annars vegar af umræðunni og hins vegar eigin skinni.

### KREPPAN KEMUR Í HAUST

Undanfarið hefur umræðan verið heltekin af kreppu. Samt er nánast enginn atvinnulaus nema að eigin ósk. Kaupmáttur hefur aðeins dregist saman, hlutabréfa- verð hefur fallið töluvert, en fyrir venjulegan langtímafjárfesti er meðalávöxtun frá 2002 afar góð. Skuldsettum stöðu-

tökumönnum á markaði hefur hins vegar verið útrýmt í bili.

Er þá kreppan komin? Varla, kannski hjá spákaupmönnum og bankar, bíla- og fasteignasalar finna fyrir samdrætti. Byggingaverktakar hafa lagt plön á hilluna og einhverjar uppsagnir eru byrjaðar. Nei, kreppan er ekki komin. Hún kemur í haust, ef maður á að nota svo virðulegt heiti um samdráttarskeiðið sem óhjálpsæmlegt er.

Samdrátturinn er óhjálpsæm- legur, en úr því ástandi gætum við auðvitað búið til kreppu. Það er synd að ekki skyldi tekið fyrir á fyrirsjáanlegum erfiðleikum í fjármálageiranum með skipulegri áætlun Seðlabanka og ríkisstjórnar. Lánalínurnar eru framfaraskref til að verja fjármála- kerfið að einhverju leyti fyrir vantrú sem smár gjaldmiðill hefur skapað okkur. Það er mikill misskilningur að með slíkum ráðstöfunum sé verið að koma hluthöfum bankanna til hjálpar með lántöku á kostnað almenn-

ings. Markmiðið er að draga eins og kostur er úr þeirri auka áhættu sem fylgir því að vera íslenskur banki en ekki evrópskur. Ef stjórnvöld skelltu skollae- yrum við slíkra stöðu væri það jafngildi þess að senda bankana úr landi með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið til lengri tíma horft.

### AÐLÖGUN VERÐI SÁRSÁUKALÍTL

Lánalínurnar eru því eins og öryggisþúði í bíl. Það kostar hell- ing að setja nýjan í ef hann blæs út. Hann blæs hins vegar ekki út nema ástæða sé til. Það er að segja við árekstur.

Þessar ráðstafanir eru algjör- lega nauðsynlegar til að tryggja einhverja tiltrú á þetta sérkenni- lega litla krónuhagkerfi. Lík- legt er að ríkisstjórn og Seðla- banki hafi verið of svifasein og fyrir vikið takist ekki að endur- nýja trú á að krónan geti þjón- að almenningi og atvinnulífi til langframa. Það sem helst hann varast vann, varð að koma yfir

hann, gæti orðið lýsingin á þeim andstæðingum evru og Evrópusambandsaðildar sem bera hluta ábyrgðarinnar á núverandi stöðu. Krónunni hefur sennilega einfaldlega verið hafnað og tími til kominn að horfst sé í augu við þá staðreynd.

Hitt er svo annað að evran og Evrópusambandið er mál sem þarf að koma af stað með lang- tímahagsmunum að leiðarljósi. Verkefnið nú er að skapa um- gjörð sem gerir aðlögun hagkerf- isins eins sársaukalitla og frek- ast er unnt. Þar getur skynsam- leg Evrópustefna hjálpað við að ná jafnvægi á einhverjum tíma- punkti. Fyrst þarf að ná jafn- vægi, þannig að gengissveiflur ásamt háum vöxtum rústi ekki fyrirtæki í landinu.

### RÍKIÐ SÝNI FRUMKVÆÐI

Kreppan sem almenningur finn- ur fyrir er ekki byrjuð. Núna er kreppa hinna óvarkáru og hvat- vísu. Með haustinu gæti komið kreppa til þeirra sem hafa fát

gert til að verðskulda mótlætið. Nema ef vera skyldi að vera venjuleg skuldsett ís- lensk fjölskylda sem lendir í tímabundnu atvinnuleysi. Það eru nefnilega ekki margir sem þola að missa tekjur í nokkra mánuði án þess að allt fari í klessu. Þegar við bætist þröngt aðgengi að fjármagni hjá bönk- um er hætta á vondum spirál. Ef sá spirall leiðir til brotlanding- ar fjármálakerfisins, mun það kosta mörg ár áður en glaðna fer til að nýju. Það er því til mikils að vinna við að halda kerfinu í lagi og ná að sigla í gegnum þennan brimgarð. Þess vegna eru lána- línur Seðlabankans og samning- ar við nágrannabanka skynsam- legar og þess vegna þarf ríkis- stjórn að sýna frumkvæði með yfirveguðum og skynsamlegum aðgerðum. Meira þarf af slíku.

Þar við bætist að stjórnar- andstaða þarf að sýna ábyrgð á svona tímum. Þeir stjórnma- menn og álitsgjafar sem tala gegn ráðstöfunum til að tryggja að fjármálakerfið haldi eru ekki að verja hagsmuni almennings. Þeir eru vinsældagírur galarar sem finna fró í stundarathygli án markmiðs eða innihalds.

**Þeir stjórnálmenn og álitsgjafar sem tala gegn ráðstöfunum til að tryggja að fjármálakerfið haldi eru ekki að verja hagsmuni almennings. Þeir eru vinsældagírur galarar sem finna fró í stundarathygli án markmiðs eða innihalds.**

Gegnsætt  
við eldavélina

Léttara  
í ferðalagið

Öruggt  
í bústaðinn

Ryðfrítt  
við útigrillið

Nett  
í garðinn

# 800-5555

Heimsendingarþjónusta  
alla daga frá 10 til 22

## Engin fyrirhöfn

– það getur varla verið auðveldara!

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.



Þú sérð innihaldið!

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.

ÍSAFJÖRDUR: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUÐÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

Linde Gas } **AGA**

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:



**ATLANTSOLIA**  
\* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

ÍSAGA ehf.  
Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík.  
Sími 577 3000, Fax 577 3001.

## DAGUR Í LÍFI ...

Birnu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Glitnis

- 7.00** Vöknum litla fjölskyldan á Laufásveginum. Hefðbundnar samningaviðræður um val á morgunverði og í hverju á að vera í dag við átta ára dóttur mína.
- 8.15** Ég keyri hana í Ísaksskóla og skil hana þar eftir sæla og glaða enda stór dagur fram undan – það á að kveðja Guðrúnu kennara sem er að flytja til Brussel.
- 8.30** Flyt stutta tölu fyrir eftirlaunabega bankans sem eru á leið í sína árlegu vorferð. Fer aðeins yfir stöðuna á fjármálamörkuðum og fyrsta ársfjórðungsuppgjör bankans.
- 9.00** Fyrsti fundur dagsins snýst um uppgjör fyrir viðskiptabankann á Íslandi. Gott fólk að skila góðum árangri þar.
- 10.00** Tek frammistöðusamtal við mannauðsstjórnann minn. Það er skemmtilegt verkefni enda frábær maður. Það kom honum á óvart hvað ég var vel undirbúin!
- 11.00** Tökum símafund við Noreg um markaðsmál sem Bjarney Harðardóttir, markaðsgúrú bankans, stjórnar.
- 12.00** Framkvæmdastjórafundur með Lárusi Welding – ég gef ekkert upp hvað var rætt – ber við bankaleynd!
- 14.00** Sest niður með Unu sem stjórnar útibúanetinu hjá mér – förum yfir teikningar af breytingum á útibúinu á Kirkjusandi. Þetta lítur vel út – verður frábær aðstaða fyrir viðskiptavini og starfsfólk.
- 15.00** Hleyp og fæ mér köku í tilefni af kveðjuhöfi eins starfsmanns. Læt slíkar veitingar aldrei framhjá mér fara.
- 15.30** Hitti upplýsingafulltrúa bankans, Má Másson, förum yfir helstu bankamál sem eru í fjölmiðlum þessa dagana. Það er alltaf af nógu að taka.
- 16.00** Sinni tölvupóstum og tek fullt af símtölum.
- 16.30** Sest niður með nýjum framkvæmdastjóra Glitnis fjármögnunar, Ingvari Stefánssyni. Við förum yfir helstu verkefni sem hann þarf að „henda sér í“ – þeir segja það mínir samstarfsmenn að ég noti það orðatiltæki mikið.
- 17.30** Mæti á kveðjubekkjarkvöldið í Ísaksskóla. Sit þar stolt móðir og horfi á mína sýna ballett ásamt vinkonu sinni. Gúffa í mig mikið af veitingum sem myndarlegar mæður bera á hlaðborð.
- 19.30** Þá komum við heim fjölskyldan og hætum við fyrirhugaðan hjólatúr en setjumst aðeins niður og spjöllum um daginn.
- 20.30** Tek nokkur vinnusímtöl og svara tölvupóstum og kíki á sjónvarpsfréttirnar á netinu. Kasta svo í eina þvottavél.
- 22.30** Ég er kvöldsvæf og fer snemma að sofa. Les aðeins í Fölskum fugli eftir Mikael Torfason – ári er hún dónaleg bókin!
- 23.00** Sofna og hugsa um hvað ég ætli að borða rosalega lítið á morgun!



HÁDEGISVERÐUR Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Glitnis, gefur sér tíma fyrir snæðing. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



YNGVI HARÐARSON Stofnandi Gjaldeyrismála, fréttarits um gjaldeyrismál. Ritíð kemur út vikulega og er skrifað af gjaldeyrissérfræðingum Aska Capital. MARKAÐURINN/VALLI

## Gjaldeyrismál 15 ára – nú á vefnum

Tímaritið Gjaldeyrismál hefur verið gefið út frá 1993 og frá og með 3. júní verður allt gagnasafn blaðsins aðgengilegt á vefsíðu Aska Capital.

Upphaflega markmiðið með útgáfu Gjaldeyrismála var að bæta upplýsingaflæðið varðandi fjármálamarkaðinn og sérstaklega gjaldeyrismarkaðinn í ljósi þess að miklar breytingar voru að verða á markaðsaðstæðum vegna samningsins um evrópska efnahagssvæðið og aukins frjálsræðis í gjaldeyrismálum. Mér fannst vera þörf fyrir að koma fram með vandað upplýsingaflæði til að markaðsaðilar gætu mótað sína afstöðu með skynsamlegum hætti,“ segir Yngvi Harðarson, stofnandi og fyrsti ritstjóri Gjaldeyrismála.

Ákveðin tímamót eru í útgáfu Gjaldeyrismála um þessar mundir. Blaðið sem gefið hefur verið út sleitulaust frá 1993 verður frá og með þriðjudeginum 3. júní aðgengilegt á netinu á vefsíðu Aska Capital, www.askar.is. Gjaldeyrismál kemur nú út vikulega og verður sent út í tölvupósti og aðgengilegt á vefnum en þess má geta að allt þar til á síðasta ári var það gefið út daglega. Öll fyrri rit Gjaldeyrismála verða sett á netið og gerð aðgengileg. Slíkt ætti meðal annars að styðja við rannsóknar-

vinnu á sviði gjaldeyrismála. Einnig hefur verið ákveðið að breyta útliti blaðsins og verður það nú sent út í HTML-formi í stað Abrocat.

Yngvi segir að efnistöð blaðsins hafi verið áþekkt allt frá upphafi en þó hafi á undanföllum árum verið lögð aukin áhersla á tæknigreiningu á fjármála- og gjaldeyrismörkuðum. „Við höfum stundum verið gagnrýndir fyrir ihaldssemi í framsetningu en við sjáum nú að hún hefur borgað sig.“ Yngvi segir að helsti markhópur blaðsins hafi allt frá upphafi verið fagaðilar á markaði, stofnana-fjárfestar, stærri fyrirtæki og aðrir fagfjárfestar. Allt fram á síðasta ár voru Gjaldeyrismál seld í áskrift en er nú dreift sem „fríblaði“ í takt við tíðarandann.

Núverandi ritstjóri Gjaldeyrismála er Sigurður Sævar Gunnarsson sem tók við af Yngva Harðarsoni um mitt ár 2007 eftir fjórtán ára setu í ritstjórnastóli. Sigurður segir að ritíð muni enn um sinn koma út í óbreyttu formi en hugsanlega muni verða lögð aukin áhersla á greiningar þegar fram líða stundir. bjornthor@markadurinn.is

## FRÍSTUNDIN

### Hlaup, dans og skrif

„Þegar kemur að frístundum er af mörgu að taka en fyrst verð ég að nefna hlaupin. Ég byrjaði fyrst að hlaupa þegar ég var í námi í London árið 2005. Nú á ég eitt heilt og nokkur hálf maraþon að baki. Stefnan er tekin á að bæta tímann í hálfu maraþoni nú í haust í Bretlandi,“ segir Þóra Helgadóttir hagfræðingur, sem nú starfar hjá Singer og Friedlander í Lundúnum.

Hún segist njóta þess að vakna snemma á morgnana og hlaupa niður að Thames. „Það er uppörvandi að fylgjast með Lundúnaborg vakna til lífsins, hvort sem það eru ródrarklúbbarnir að þeysast upp ána eða vallarstarfs-

menn Fulham að undirbúa daginn. Útsýnið af Hammersmith-brúnni er ekki af verri endanum. Á miðvikudögum hleyp ég hins vegar með strákunum hjá Kaupþingi London í Hyde Park í hádeginu. Þar er keppt við klukkuna en þrátt fyrir að hafa leyft stelpu að ganga í hópinn hefur ekki hægt á okkur.

Þegar ég vil algjörlega gleyma stað og stund veit ég fátt betra en að detta inn í Dance Works í London og skella mér í modern jazz-tíma. Ég stundaði dansnám og kenndi síðar hjá JSB í mörg ár og því er dansinn mér alltaf kær,“ segir Þóra.

Auk þess segist hún hafa

gaman af lestri góðra bóka og segir smekkin á því sviði mjög fjölbreyttan. „Það má ósjaldan finna mig á kaffihúsum borgarinnar þegar ég hef tíma aflögu með nokkrar bækur og blöð mér við hlið. Ég hef einnig gaman af því að munda pennann sjálf. Hingað til hafa skrif mín aðallega tengst fjármálum og hagfræði. Í vetur skellti ég mér hins vegar á námskeið í skapandi skrifum hjá City University. Það var virkilega ánægjuleg lífsreynsla og kynntist ég þar mjög áhugaverðu fólki. Ég hef nú einhverjar efasemdir um að ég og skáldagyðjan séum í takt en það má búast við að skúffu-



ÞÓRA HELGADÓTTIR Segir að þegar hún eigi tíma aflögu megi ósjaldan finna sig á kaffihúsum Lundúna með nokkrar bækur og blöð sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

verkum fjölgi á næstunni.“

Með rísandi sól stefnir Þóra að því að taka sér nýja hluti fyrir hendur og segir hún að af mörgu sé að taka. „Þar sem ég bý nú við hliðina á tennisklúbbi hennar há-tignar ætla ég að reyna að taka

upp tennisspaða í sumar og ef til vill skrá mig á námskeið. Nýju gönguskórnir mínir standa líka ónotaðir inni í herbergi og er ég að bíða eftir rétta tækifærinu til að vígja þá,“ segir Þóra að lokum.



skemmtilegri

**VISA**  
**FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD**  
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka  
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa  
VISA í bókgreiðslu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.



# STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚNÍ



## SÉRVALIÐ EFNI FYRIR STELPURNAR Í JÚNÍ

**So You Think You Can Dance** - íslensku dansaramir leggja allt undir  
**Cashmere Mafia** - frá framleiðendum Sex and the City  
**Traveler** - hörkuspennandi þættir í anda 24 og Prison Break  
**Women's Murder Club** - frábærir þættir í anda Cold Case  
**The Moment of Truth** - magnaðir þættir sem sógu í gegn í Bandaríkjunum

**The Riches**  
**It's Always Sunny in Philadelphia**  
**Cold Case**  
**Grey's Anatomy**  
**Notebook**

**Devil Wears Prada**  
**Wedding Crashers**  
**Music and Lyrics**  
**Failure to Launch**  
**In Her Shoes**

## BANKHÓLFID

### Buffet-aðferðin

Alltaf er fengur að bókum á íslensku um viðskipti og athafna-fólk. Warren Buffet-aðferðin ætti því að vera kærkomin lesning, ekki síst fyrir íslenska fjárfesta sem brennt hafa sig illa á hluta-bréfaviðskiptum síðustu misser-in. Það er Mikael Torfason, rithöf-undur og fv. ritstjóri, sem gefur bókina út, en Gylfi Magnússon, dósent við HÍ, ritar inngang og formálinn er eftir Má Wolfgang Mixa, sérfræðing hjá Icebank. Buffet er, eins og kunnugt er, ríkasti maður heims, gegnum fjárfestingarfélagið Berkshire Hathaway og í bókinni er kafað ofan í fjárfestingarspeki hans, kenndar aðferðir til að meta fyrirtæki og fjárfestingarkosti og beitt til þess auðskildum aðferð-um, en Buffet hefur sjálfur ávallt sagt



að hver sem er geti beitt þeim aðferðum sem hann hefur sjálfur beitt með góðum árangri gegnum tíðina ...

### Ekki beint íslenska aðferðin

Inngangur Gylfa Magnússonar að bókinni er hnýsilegur, ekki síst þessi setning: „Íslenskir fjárfestar virðast undanfarin ár flestir hafa hugsað á allt öðrum nótum en Buffet. Áhersla margra íslenskra fjárfesta á að reyna að ná skjótfengnum gróða með því að veðja á verðhækkun á mörkuð-um og magna uppsveifluna með því að nota lítið eigið fé en mikið lánsfé er eins fjarri hugmynd-um Warrens Buffets og hugsast getur.“ Kannski hér sé komin ein skýringin á því að Buffet



nýtur stöðugrar velgengni, ár eftir ár, en íslenskir fjárfestar berjast nú við timbur-menn eftir veislu-höld síðustu ára og sjá sumir hverjir ekki til sólar ...

### Hverjir eiga lausafé?

„Cash is king“ er fræg setning á ensku úr heimi viðskiptanna og vísar til þess að á krepputím-um sé lausafé töfraorðið, þegar margir eiga öll sín verðmæti bundin í nær óseljanlegum fast-eignum eða hlutabréfum, sem enginn vill heldur selja á bruna-útsölu. Við slíkar aðstæður skap-ast oft góð kaupækifæri fyrir þá sem hafa verið útsjónarsamir og ekki sett öll sín egg í sömu körfuna. Alþekkt er að mikil eignatilfærsla verður í niður-sveiflu áður en hagur markaðar-ins fer að vænkast á nýjan leik og hér á landi er nú mjög horft til þeirra sem eiga þó eitthvað eigið fé til þess að koma inn í fjárþurfi félög, eða taka þau hreinlega yfir.

20%

er boðuð hækkun Eastman Kodak á ljós-myndavélum, prenturum, pappír og fleiru á næstu mánuðum vegna hrávörverðs-hækkana.


3.800

reikningar voru opnaðir á fyrsta degi eftir að Landsbankinn hleypti af stök- unum Icesave-netinnlánsreikningum sínum í Hollandi.

33,4

milljarðar króna segir Hagstofan að hafi verið verðmæti útflutnings í aprilmánuði. Innflutningur nam 40,7 milljörðum og vöruskipti því óhag- stæð um 7,3 milljarða króna.

# HÁGÆÐA VERKFAERI



Grafika 2008



Ístækni ehf. | Nethyl 2 | sími: 510 9100 | www.istaekni.is | istaekni@istaekni.is

# Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

